



kjarninn

28. útgáfa – 27. febrúar 2014 – vika 9



BARÁTTAN UM ÍSLAND

- + Seðlabankinn logar eftir ummæli forsætisráðherra
- + Fyrirtæki hóta fjármálaráðherra vegna ESB
- + Leynileg áætlun stjórnvalda um afnám hafta



VIÐTAL

Mesta hættan í Úkraínu liðin hjá



VIÐSKIPTI

Hagamelur fjórfaldaði fjárfestingu í Högum



EFNAHAGSMÁL

Haftaplanið að teiknast upp

Bítlarnir fengu ekki samning á nýársdag

Topp 5 listi yfir verstu viðskipta-
ákvarðanir sögunnar

Réttarríkisspjaldið og Lippestad

Þóra Hallgrímsdóttir skrifar um
grunnreglur réttarríkisins.

Lögreglan mikið á samfélagsmiðlum

Stefán Eiríksson skrifar
um lögregluna og notkun
samfélagsmiðla.

Er túrmerik töfrafjurt?

Anna Rósa grasalæknir segir
túrmerik hafa óvenju fjölbreyttan
lækningamátt.



MADE BY SWEDEN

- VOLVO XC60 OG ZLATAN -

Svíbjóð, líkt og Ísland, er land andstæðna. Þar tekst ljósið á við myrkrið.

Stórbrotið landslag, langar vegalengdir, snjór, rigning og ís.

Þetta er heimili Volvo XC60. Bill sem er byggður fyrir ólíkar aðstæður.

Upplifðu einstaka hönnun og skandinavískan lúxus.

KYNNTU ÞÉR NÝJAN OG ÖFLUGRI VOLVO XC60



VOLVO XC60 AWD
VERÐ FRÁ 8.790.000 KR.
VOLVO.IS

**KOMDU OG SKOÐAÐU VOLVO XC60 AWD MEÐ NÝRRI OG ÖFLUGRI DÍSILVÉL
MEIRA AFL, AUKIN SPARNEYTNI OG ENN SKEMMTILEGRI Í AKSTRI**

ÓPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.



Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 stökrar, 181 hð, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. CO₂ 169 g/km.

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd | auglýsingu.

Öruggur staður til að vera á

Hætt við á miðri leið

Þórunn Elísabet Bogadóttir skrifar um það hvernig Íslendingar
hættu við uppbyggingu nýja Íslands í miðju kafi

Á kvörðun íslenskra stjórnvalda um að slíta
aðildarviðræðum við Evrópusambandið áður
en málið var leitt til lykta er fordæmalaus í
alþjóðlegu samhengi. Þrátt fyrir það er hún
algjörlega í takt við aðrar stórar ákvarðanir
sem teknar hafa verið hér á landi síðustu misseri. Ísland
er orðið ríki sem hættir hlutum í miðju kafi. Ríki sem
kemst í heimsfréttir fyrir að ætla sér ýmiss konar stórhuga
breytingar – en tekst svo ekki að klára þær heldur hættir við
á miðri leið.

Eftir að allt hrundi til grunna virtist íslenska þjóðin í
fyrsta og eina skiptið vera sammála um eitthvað. Þetta átti
ekki að fá að gerast aftur, og til þess að koma í veg fyrir það
átti fyrst að komast að því hvað olli þessu öllu saman og
í framhaldinu að ráðast í margvíslegar breytingar á sam-
félaginu og nánast öllum innviðum þess til þess að hér væri
hægt að bygga upp nýja Ísland.

Siðvæðing og hófsemi

Á grundvelli þessa var ákveðið að gerð yrði rannsóknar-skýrsla. Skýrslan var gerð, var mjög viðamikil og um hana ríkti nokkur sátt. Það var helst að þeir sem fjallað var um væru ósáttir, en það mátti alltaf vera ljóst að þeir sem áttu þátt í því hvernig fór myndu reyna að fegra sinn hlut. Slík endurskrifun sögunnar hefur verið í gangi allar götur síðan.

Meðal þess sem fjallað var um í skýrslunni var þörfin á siðvæðingu á Íslandi, enda siðferði ábótavant víða. „Leggja

þarf rækt við raunsæja, ábyrga og hófstilla sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar sem byggist á þekkingu og skilningi á menningu okkar og samfélagi,“ er til dæmis einn lærdómurinn sem skýrsluhöfundar töldu að draga mætti af hruninu. Sú sjálfsmynd þjóðar sem stjórnvöld reyna nú að draga fram getur hins vegar hvorki talist raunsæ, ábyrg né hófstillt, heldur er hún byggð á Icesave-sigurhroka og blindri vissu um að Ísland sé best og mest. Það var hætt við hófsemina á miðri leið.

Betri fjölmiðlar, fræðimenn og stjórnskrá

Annað sem átti að breyta og bæta var þáttur fjölmiðla og fræðimanna. Vandaðir fjölmiðlar eru enda helsta upplýsingaveita almennings og vettvangur borgara til að tjá sig, svo aftur sé vitnað í skýrsluna. Staða

fjölmiðla er hins vegar síst betri nú, fjórum árum eftir útgáfunna, en hún var þá. Til dæmis var fjallað um mikilvægi þess að efla hér Ríkisútvarpið. Það hefur aldeilis ekki verið gert heldur hætt við á miðri leið. Ef einhver velkist í vafa um það má skoða nýskipaða stjórn, nýleg ummæli forsætisráðherra og aðeins eldri ummæli liðsmanns hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar.

Þá var í skýrslunni talað um háskólamenn, sem þyrfti að

„Sú sjálfsmynd þjóðar sem stjórnvöld reyna nú að draga fram getur hins vegar hvorki talist raunsæ, ábyrg né hófstillt, heldur er hún byggð á Icesave-sigurhroka og blindri vissu um að Ísland sé best og mest. Það var hætt við hófsemina á miðri leið.“

hvetja „til að sýna samfélagslega ábyrgð, svo sem með þátttöku í opinberri umræðu um málefni á fræðasviði þeirra“. Fræðimenn hefðu getað lagt meira af mörkum í umræðunni á grundvelli sérþekkingar sinnar, segir þar, en „móttöku-skilyrði fyrir gagnrýni í samfélaginu voru þó slæm og þöggun jafnvel beitt“.

„Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hvernig tal forsætisráðherra um fræðimenn sem pólitíska krossfara eða fjölmiðla sem stundi loftárásir gegn honum passa inn í þetta.“

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hvernig tal forsætisráðherra um fræðimenn sem pólitíska krossfara eða fjölmiðla sem stundi loftárásir gegn honum passa inn í þetta.

Um tíma eftir hrun var það síðan vinsælt skoðun að nauðsynlegt væri að breyta stjórnarskrá landsins. Til þess var ráðist í kosningar og síðar skipun stjórnlagaráðs, sem skilaði af sér tillögum og blásið var til atkvæðagreiðslu á ný. Þrátt fyrir að yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem tóku þar þátt hafi viljað breyta stjórnarskránni var

hætt við það á miðri leið.

Hægt væri að nefna fleira sem nú er búið er að hætta við eða allt útlit er fyrir að hætt verði við á miðri leið. Breytingar á kvótakerfinu, fagleg yfirstjórn í ýmsum stofnunum og áður nefnd umsókn um aðild að Evrópusambandinu eru nokkur dæmi.

Til skamms tíma var útlit fyrir að íslensku samfélagi yrði breytt. Fólk getur síðan haft mismunandi skoðanir á því hvort slíkar breytingar væru æskilegar eða ekki. En þegar öllu er á botninn hvolft er það samt þannig að Íslendingar ætluðu að byggja upp nýtt Ísland en hættu svo við á miðri leið.

BMW X5

www.bmw.is

Hrein
akstursgleði

AKTU FRAMFÖRUM

Við kynnum þriðju kynslóðina af BMW X5 með sparneytnari vél en nokkur annar bíll í þessum flokki. Nýi BMW X5 er léttari og með minni loftmótstöðu en keppinautarnir. Hann kostar frá 10.490 þús. kr. með 218 hestafla díslivél og 8 gíra sjálfskiptingu og notar einungis 5,8 l/100 km í blönduðum akstri.

Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5!

BMW X5 - 5,8 L/100 KM.*
VERÐ FRÁ 10.490 ÞÚS. KR.

BMW EfficientDynamics
 Less emissions. More driving pleasure.



SMELLTU HÉR
 TIL AÐ SKOÐA BMW X5



*Middla véð uppgæfir véðmáðunartölur framfærðar um eðlisneyðnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhófa 2, sími 525 8000

Seðlabankinn logar stafna á milli

Mikil ólga er innan Seðlabankans eftir að forsætisráðherra sakaði bankann um pólitík. Lykilstarfsmenn íhuga að segja starfi sínu lausu. Beir segja ummælin vega að trúverðugleika bankans og íhuga hvort fyrirhugaðar breytingar á bankanum séu liður í hefndaraðgerð.



Gagnrýni Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra á störf Seðlabankans í tengslum við skuldaleiðréttinguna hefur valdið mikilli ólgu á meðal starfsmanna bankans. Þá óttast margir þeirra að ákvörðun stjórnvalda, um að auglýsa stöðu Más Guðmundssonar seðlabankastjóra lausa til umsóknar, bendi til þess að færa eigi bankann aftur til þess horfs sem hann var í fyrir bankahrun.

Stjórnvöld hafa boðað endurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands. Skipa skal starfshóp til að leggja mat á æskilegar breytingar með það að markmiði að treysta trúverðugleika og sjálfstæði bankans og traust á íslenskum efnahagsmálum. Stjórnvöld segja að ákveðið hafi verið að auglýsa stöðu seðlabankastjóra lausa til umsóknar til að skapa svigrúm til þessarar vinnnu. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur fullyrt að í ákvörðuninni felist ekki vantraust á núverandi seðlabankastjóra.

Erfitt að sjá umrætt svigrúm

Í sérstakri umræðu sem fór fram á Alþingi á þriðjudaginn um málefni Seðlabankans, að frumkvæði Katrínar Jakobsdóttur, formanns Vinstri grænna, kom fram í máli fjármála- og efnahagsráðherra að ólíklegt væri að frumvarp um breytingar á lögum um Seðlabankann yrði lagt fram á vorþingi. Skipunar-tími Más Guðmundssonar rennur út í júlí, þannig að vandséð er að auglýsing á stöðu hans hafi skapað umrætt svigrúm.

Í bréfi sem seðlabankastjóri sendi á starfsmenn bankans segir hann að sér hafi verið tjáð að ekki standi til að ganga gegn sjálfstæði bankans né faglegri yfirstjórn. Hann hafi áður lýst því yfir að hann sé tilbúinn að hefja nýtt tímabil sem seðlabankastjóri og sú yfirlýsing standi. Hins vegar segir hann í bréfinu að verði gerðar lagabreytingar sem feli í sér að eðli starfsins breytist eða breytingar verði á umsóknarferlinu sjálfu muni hann endurskoða afstöðu sína.

Már Guðmundsson var skipaður Seðlabankastjóri árið 2009, í tíð þáverandi ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna. Ráðning hans markaði ákveðin tímamót. Þegar Már

var ráðinn voru í fyrsta skipti í sögu Seðlabankans gerðar hæfniskröfur um menntun og reynslu til verðandi seðlabankastjóra. Sérstök nefnd, sem Jónas Haralz veitti forstöðu, mat hæfi umsækjendanna og komst að þeirri niðurstöðu að Már væri hæfastur þeirra sem sóttu um stöðuna. Áður hafði ráðning seðlabankastjóra verið í höndum sitjandi forsætisráðherra. Hvort fyrirhugaðar breytingar á lögum um Seðlabankann fela í sér breyttar hæfniskröfur mun tíminn einn leiða í ljós.

Væringar sem engum eiga að koma á óvart

Væringarnar í kringum Seðlabankanum eiga í raun ekki að koma neinum á óvart sem fylgst hefur með umræðunni um hann undanfarin misseri. Eftir að ráðamenn Seðlabankans, með Má Guðmundsson í broddi fylkingar, sögðu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis í nóvember að lánshæfis-

einkunn ríkissjóðs yrði mögulega lækkuð niður í ruslflokk ef sjálfstæði bankans yrði haft að engu og hann skikkaður til að fjármagna boðaðar skuldaleiðréttingar brást Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra ókvæða við.

„Hvort fyrirhugaðar breytingar á lögum um Seðlabankann fela í sér breyttar hæfniskröfur mun tíminn einn leiða í ljós.“

Í sjónvarpsviðtali í fréttatíma Stöðvar 2 í kjölfarið, hinn 18. nóvember síðastliðinn, sakaði hann Seðlabankann um að stunda pólitík fremur en að sinna lögbundnum verkefnum sínum um almenna stjórn efnahagsmála. Þetta ætti ekki við um alla starfsmenn bankans en þar innanhúss væru nokkrir starfsmenn sem væru í stöðugri pólitík. Menn sem væru greinilega að gíra sig upp í það að vera á móti fyrirhuguðum hugmyndum um skuldaleiðréttingar, en ríkisstjórnin myndi ekki láta Seðlabankann stöðva sig.

Ummæli forsætisráðherra urðu til þess að viðtal við Má Guðmundsson seðlabankastjóra birtist hinn 26. nóvember á vefsíðunni CentralBanking.com, sem er alþjóðleg fréttaveita sem sérhæfir sig í fréttaflutningi af seðlabönkum, alþjóðlegum fjármálastofnunum og innviðum og regluverkum

SKYN(TÆKI)FÆRI

PRÓFAÐU OG FINNDU



VÍSINDASÝNING
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
18. FEB - 3. MARS



SMÁRALIND

Góða skemmtun



alþjóðlegra fjármálamarkaða. Þar neitaði seðlabankastjóri því að hann ætti í deilum við forsætisráðherra vegna fyrirhugaðra skuldaleiðréttinga og sagði að ráðherrann hefði fullvissað sig um að áðurnefnd ummæli hefðu ekki beinst gegn honum.

En þar með var skærunum ekki lokið, langt í frá. Forsætisráðherra gagnrýndi því næst Seðlabankann á Viðskiptaþingi 12. febrúar síðastliðinn. Þann sama dag hafði komið fram greining peningastefnunefndar Seðlabankans á áhrifum skuldaleiðréttingar á efnahagshorfur. Þar voru áhrifin metin töluvert meiri en forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra fullyrtu þegar skuldaleiðréttingin var kynnt í lok nóvember. Á Viðskiptaþingi furðaði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sig á forgangsroðun Seðlabankans, að leggja í mikla vinnu við slíka greiningu „óumbeðinn“.

Í frægu viðtali Gísla Marteins Baldurssonar við forsætisráðherra í sjónvarpsþættinum Sunnudagsmorgunn á RÚV, þann 16. febrúar, staðfesti ráðherrann að til stæði að breyta lögunum um Seðlabankann. Skoða þyrfti þær hröðu breytingar sem gerðar hefðu verið á bankanum eftir

bankahrúnið, en þá var seðlabankastjórunum fækkað úr þremur í einn.

Sigmundur Davíð hvorki neitaði því né játaði í áður-nefndu viðtali að til stæði að fjölga seðlabankastjórunum aftur í þrjá, eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum, og hinir tveir nýju bankastjórar yrðu handvaldir af stjórnar-flokkunum. Þá greindi hann sömuleiðis frá því að hann hefði verið ósammála mörgu í stefnu Seðlabankans um nokkurt skeið og það væri mikilvægara að standa vörð um sjálfstæði Seðlabankans ef önnur ríkisstjórn væri við stjórnvölinn en sú sem nú sæti.

En gagnrýni stjórnarliða á Seðlabankann hefur komið úr fleiri áttum. Jón Helgi Egilsson, fulltrúi Framsóknarflokks í bankaráði Seðlabankans, hefur til að mynda ítrekað gagn-rýnt seðlabankastjóra harðlega á opinberum vettvangi í skrifum sínum fyrir Pressuna. Jón Helgi á sæti í starfshópi forsætisráðherra um afnám gjaldeyrishafta. Þá hefur Ragnar Árnason, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í bankaráði Seðlabankans, gagnrýnt bankann harðlega fyrir vinnubrögð hans varðandi veittar undanþágur frá gjaldeyrishöftum, sem og peninga-stefnu hans. Ragnar á sæti sérstöku ráðgjafaráði fjármála- og efnahagsráðherra í efnahagsmálum.

Starfsmenn Seðlabankans í uppnámi

Samkvæmt heimildum Kjarnans hafa áðurnefnd ummæli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra um Seðlabankann valdið mikilli reiði á meðal starfsfólks bankans. Heimildarmenn Kjarnans innan úr Seðlabankanum segja að ekki sé hægt að túlka ummælin öðruvísi en sem alvarlega aðför að faglegu sjálfstæði bankans. Þá hafi gagn-rýni forsætisráðherrans verið ómálefnaleg og hvergi hafi hann bent á rök máli sínu til stuðnings.

Þá herma heimildir Kjarnans að starfsfólk Seðlabankans sé mjög uggandi yfir stöðu bankans, ekki síst í ljósi þess að stjórnvöld ákváðu að auglýsa stöðu Mús Guðmundssonar seðlabankastjóra, sem það óttast að séu tilbúðir til að færa bankann aftur til áranna fyrir bankahrún. Þá sé ákvörðunin

augljós liður í áætlun stjórnvalda að losa sig við „óþægilegan“ seðlabankastjóra.

Viðmælendur Kjarnans segja ummæli forsætisráðherra hafa slegið starfsfólk bankans illa. Starfsfólk sé upp til hópa mjög sárt vegna þeirra og telji þau ómakleg. Lítil stemmning sé á meðal þess að fara aftur að vinna í álíka umhverfi og tíðkaðist innan bankans fyrir efnahagshrun.

Starfsmennirnir benda á þann árangur sem náðst hefur í efnahagsmálum á undanförnum árum máli sínu til stuðnings. Á þeim fimm árum sem liðin séu frá því að núverandi peningamálastefnunefnd Seðlabankans hafi tekið við hafi verðbólga hjaðnað umtalsvert, atvinnuleysi minnkað og á síðasta ári hafi mælst hér á landi þriggja prósentu hagvöxtur, sem sé mesti hagvöxtur á meðal vestrænna þjóða.

Kjarninn hefur heimildir fyrir því að lykilstarfsmenn innan bankans séu á meðal þeirra starfsmanna sem íhugi að segja starfi sínu lausu vegna væringanna. Þeir, eins og aðrir starfsmenn bankans, ætla hins vegar að bíða og sjá hvað verður.



Vegið að trúverðugleika bankans

Heimildarmenn Kjarnans segja að ummæli forsætisráðherra hafi vegið að trúverðugleika bankans. Þau geri bankanum erfitt um vik að stunda trúverðuga og sjálfstæða peningastefnu með ummælin hangandi yfir sér. Þá sé peningastefna hans í veikri stöðu eftir þau, því möguleg lækkun hans á stýrivöxtum verði túlkuð sem svo að bankinn sé að þóknast stjórnvöldum. Þá verði skrefin sömuleiðis þung bankanum ef til komi hækkun á stýrivöxtum. Ummælin séu vanhugsuð og setji bankann í mjög erfiða stöðu.

Þá velta heimildarmenn Kjarnans

Því fyrir sér hvort fyrirhugaðar breytingar á lögum um bankann séu liður í hefndaraðgerð stjórnvalda vegna breytinganna sem ráðist var í á bankanum í kjölfar bankahrunsins. Grátlegt sé til þess að hugsa að uppbyggingin sem ráðist hafi verið í á faglegu starfi innan Seðlabankans sé mögulega á leið í súginn og nýir bankastjórar verði handvaldir inn af stjórnvöldum. Þetta sé ekki einkamál bankans, heldur varði samfélagið í heild sinni.

Heimildarmenn Kjarnans benda sömuleiðis á nýlegar afleiðingar í Serbíu og Ungverjalandi á lánakjör og gengi gjaldmiðla eftir að „ópægir“ seðlabankar voru vængstýfðir af stjórnvöldum þar.

Eins og áður segir hafa bankaráðsmennirnir Ragnar Árnason og Jón Helgi Egilsson gengið hart gegn seðlabankastjóra og stefnu bankans á opinberum vettvangi. Heimildarmenn Kjarnans furða sig á framgöngu bankaráðsmannanna, þar sem hlutverk þeirra eigi fyrst og síðast að snúast um að tala fyrir hagsmunum bankans og verja starfsmenn hans út á við, og segja þá ekki lengur njóta trausts á meðal starfsmanna bankans.



NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ PÓSTINN RAFRÆNT

Með Skönnunarbýðustu Póstsins nýtir þú þér nútímatæknina og minnkar pappírflóðið. Við skönnum inn nafnamerkta póst og sendum þér rafrænt. Þú kemur skipulagi á póstinn þinn og getur nálgast hann þegar þér hentar.

Kynntu þér málið á www.postur.is


VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA – RAFRÆNT



Ákafar deilur um ESB bak við tjöldin

Stjórnvöld hafa átt í vök að verjast vegna ákvörðunar um að draga umsókn um aðild að ESB til baka. Forsvarsmenn í atvinnulífinu hótuðu að draga úr fjárveitingum til Sjálfstæðisflokksins.





Á kvörðun stjórnvalda um að draga til baka umsókn um aðild að Evrópusambandinu (ESB), með formlegri þingsályktunartillögu, kom ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti en það sem olli mestum titringi var samráðsleysi við hagsmunasamtök í atvinnulífinu. Forsvarsmenn allra stærstu hagsmunasamtaka atvinnulífsins, að LÍÚ undan-skildu, voru andsnúnir ákvörðunum stjórnvalda og töldu það „hreina móðgun“ að stjórnvöld væru ekki tilbúin að biða þess að fá skýrslu frá Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands um aðildarumsóknina og valkostina sem væru í boði. Hregg-

„Hreggviður Jónsson og Björgúlfur Jóhannsson hafa báðir átt einkafundi með Bjarna Benediktssyni ...“

viður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, og Björgúlfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, hafa báðir átt einkafundi með Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins og fjármála- og efnahagsráðherra, til þess að koma skilaboðum millilíðalaust á framfæri þar sem megin-

inntakið var endurómun óánægjuradda úr atvinnulífinu með ákvörðun stjórnvalda.

Hitafundur

Fundur Sjálfstæðra Evrópusinna í hádeginu 21. febrúar endurómaði einarða afstöðu forystu hagsmunasamtakanna gegn ákvörðun stjórnvalda. Á fundinum tóku margir til máls og höfðu sumir þeirra meðal annars orð á því að þeir „gætu ekki sagt sig úr flokknum“ í mótmælaskyni þar sem þeir væru „þegar búnir að því“. Einblínt var á það á fundinum að forysta flokksins, einkum Bjarni Benediktsson, þyrfti að standa við gefin loforð um að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald ESB-aðildarumsóknar. Á fundinum ræddu margir þeirra sem voru hvað reiðastir yfir gangi mála að fyrirtæki ættu að skrífa fyrir fjármagn til Sjálfstæðisflokksins í mótmælaskyni. Það hefði lítið upp á sig að styrkja flokk sem væri að berjast gegn hagsmunamálum fyrirtækja í alþjóðlegri starfsemi.



BJARNI LAGÐI SPILIN Á BORDIN Á FUNDI Í VALHÖLL

„Það er pólitískur ómöguleiki fyrir hendi, hann er öllum ljós,“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármála- og efnahagsráðherra, í ræðu sinni á hádegisfundi í Valhöll síðastliðinn þriðjudag, þar sem hann ræddi um þá ákvörðun stjórnvalda að draga umsóknina um aðild að ESB til baka. Bjarni sagði málið þurfa að skoðast í pólitísku ljósi, þeirri stöðu sem væri uppi í íslenskum stjórnámálum eftir að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur mynduðu stjórn. Báðir flokkar væru á móti aðild að ESB og það væri ekki trúverðugt að „draga 28 þjóðir í Evrópusambandinu á asnaeyrum lengur“. Ferlið þyrfti að stöðva. Bjarni sagðist sannfærður um að Ísland stæði frami fyrir

miklum tækifærum utan ESB og stjórnvöld þyrftu að ná betri tókum á fjármálum ríkisins og hagstjórn, samhliða afnámi fjármagnshafta. Á fundinum voru mestmegnis stuðningsmenn Bjarna og ákvörðunar um að draga umsóknina til baka. Það heyrðist vel á lófaklappi gesta þegar Bjarni gerði hlé á ræðu sinni stöku sinnum. Þekktir stuðningsmenn umsóknar um aðild að ESB, eins og Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður flokksins, létu ekki sjá sig á fundinum. Bjarni hvatti í lok fundarins flokksmenn til þess að slíðra sverðin og taka saman höndum um að rétta þjóðarskútuna af og horfa björtum augum til framtíðar. Tækifærin fyrir Ísland væru svo sannarlega fyrir hendi.

Í lausu lofti

Til viðbótar hefur þeim skilaboðum verið komið til Bjarna að nauðsynlegt sé að skýra betur hvað standi til að gera þegar kemur að fjármagnshöftunum og peningastefnunni í landinu. Verst sé að skilja framtíðarstefnuna eftir í lausu lofti.

Innan hagsmunasamtakanna eru þó skiptar skoðanir um málefni ESB, eins og nýlegar skoðanakannanir hafa leitt í ljós. Um 38,1 prósent þeirra sem svöruðu könnun fyrir Samtök atvinnulífsins vildi slíta viðræðunum við ESB en 55,6 prósent vildu halda þeim áfram. Ríflega sex prósent tóku ekki afstöðu.

SAKAR RÍKISSTJÓRNINA UM AÐ FREMJA SKEMMDARVERK Á TÆKIFÆRUM ÍSLANDS

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, kveðst hafa brugðið illilega við áformum ríkisstjórnarinnar um að slíta aðildarviðræðum við Evrópusambandið og draga aðildarumsókn Íslands til baka.


Hann sakar ríkisstjórnina um ábyrgðarleysi með því að kippa til baka eina skýra valmöguleika þjóðarinnar varðandi afnám gjaldeyrishafta og vandamál tengd íslensku krónunni, án þess að leggja á borðið aðra raunhæfa áætlun.

Hann segir afstöðu Framsóknarflokks ekki koma á óvart en segir afstöðu Sjálfstæðisflokksins vera óskiljanlega. Flokkurinn fari nú í fyrsta skipti gegn stærstum hluta atvinnulífsins og verkalyðsforystunnar og greinilegt sé að ákveðnar atvinnugreinar njóti forréttinda umfram aðrar. Umræðan snúist um mjög þrönga hagsmuni.

Hann tekur undir þær raddir að með ákvörðun sinni brjóti stjórnarflokkarnir gefin loforð í aðdraganda síðustu alþingiskosninga.

Ekki sé hægt að ætlast til þess að ríkisstjórn sem sé mótfallin aðgöngu í Evrópusambandið haldi þeirri vegferð áfram. Hins vegar sé hægt að ætlast til þess að hún haldi möguleikanum opnum með því að setja viðræðurnar á ís.

Með ákvörðun sinni sé ríkisstjórnin að fremja skemmdarverk á tækifærum Íslands um ókomin ár.



Deilt á þingi

Samhliða umfjöllun um þingsályktunartillöguna, þar sem lagt er til að umsóknin um aðild að ESB verði formlega dregin til baka, voru mótmælafundir á Austurvelli þar sem andstæðingar stefnu stjórnvalda komu saman og gerðu hróp að Alþingi og stjórnvöldum. Meginkrafan frá mótmælunum var sú að þjóðin ætti að fá að ráða för og segja hug sinn til málefnisins með þjóðaratkvæðagreiðslu, eins og formenn stjórnarflokkanna ræddu ítrekað um í aðdraganda kosninganna í fyrra, en fyrsti mótmælafundurinn var mánudaginn 24. febrúar. Innan veggja Alþingishússins var harkalega deilt um þingsályktunartillöguna og ekki síst orðalag hennar. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar,

gagnrýndi tillöguna harðlega, bæði hvað varðaði efni og ekki síður orðalag. Sagði hann tillöguna „óboðlega“ og ekki tæka til að undirbyggja ákvörðun stjórnvalda. Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna og fyrrverandi formaður flokksins, var einnig gagnrýninn á tillöguna og sagði að Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra ætti að sjá sóma sinn í því að draga tillöguna „að öllu leyti“ til baka. Gunnar Bragi kallaði fram í ræðu Steingríms að hann væri í það minnsta ekki að segja þinginu ósatt. Steingrímur snöggreiddist við þetta og bað forseti Alþingis, sem þá var Valgerður Gunnarsdóttir þingkona Sjálfstæðisflokksins, þingmenn um að gæta orða sinna. Gunnar Bragi bað Steingrím síðar afsökunar á orðum sínum.

Þingsályktunartillagan bíður þess enn að vera samþykkt formlega af Alþingi, en allt útlit er fyrir að það gerist fyrr en seinna, í ljósi þess að afgerandi stuðningur er við hana í þingflokkum beggja stjórnarflokkanna.

Baðherbergið þitt?

Smelltu hér til að skoða fleiri vörur fyrir baðherbergið á www.IKEA.is

47.950,-

GODMORGON speglaskápur
B80xD14, H96cm

82.850,-

GODMORGON baðherbergsinnrétting með handlaug og blöndunartækjum
Innifalið í verði er GODMORGON vaskaskápur með tveimur skúffum, BRÁVIKEN handlaug og LUNDSKÄR blöndunartæki. B80xD49, H68cm



Smelltu hér til að skoða nýja baðherbergisbæklinginn!

Verisun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-19:30 - www.IKEA.is



TOPP 5

Ákvarðanir sem borguðu sig ekki

Kjarninn tók saman lista fyrir fimm verstu viðskiptaákvarðanir sögunnar. Google, Microsoft, E.T., síminn og Bítlarnir koma við sögu. Að baki velgengni í viðskiptum er oft einnig saga glataðra tækifæra. Sérstaklega á þetta við um alþjóðlega fjárfesta sem fá viðskiptatækifæri inn á borð sitt svo til daglega og þurfa að velja og hafna. Sumar ákvarðanir reynast réttar á meðan aðrar reynast hrein afglöp. Kjarninn skoðaði sögu glataðra tækifæra í alþjóðlegum viðskiptum. **MH**



5 M&M hafnar E.T.

Síðastliðna þrjá áratugi hefur Reese's Pieces sөлgætið verið eitt það vinsælasta í heimi. Það sem skipti sköpum fyrir markaðssetningu á sөлgætinu var atriði í kvikmyndinni E.T. þar sem nammið kemur fyrir. Myndin var gífurlega vinsæl og er almennt álitin ein besta barna- og fjölskyldumynd sögunnar. Tilraun geimverunnar E.T. til þess að borða nammi varð að ótrúlega áhrifaríkri markaðsherferð fyrir Reese's Pieces, og tókst fyrirtækinu í kjölfarið að nýta sér atriðið til mikillar útbreiðslu á skömmum tíma. Forsvarsmenn M&M áttu fund með framleiðendum myndarinnar og var þeim boðið að koma vörum sínum á framfæri í myndinni. Það var mat forsvarsmanna M&M að þessi vettvangur væri ekki heppilegur fyrir nammið víðfræga, einhverra hluta vegna. Þetta reyndist afar, afar slæm ákvörðun.



4 Nei takk, ekki Microsoft

Ross Perot stýrði Electronic Data Systems (EDS) árið 1979. Maður að nafni Bill Gates bauð honum að fjárfesta í athyglisverðu nýsköpunarfyrirtæki sem hann stýrði á þeim tíma, Microsoft. Gates var að leita að 40 til 60 milljónum Bandaríkjadala, til að fjármagna þróun á stýrikerfi og hugbúnaði, sem Gates taldi að myndi bylta tölvuheiminum. Perot ákvað að segja nei takk. Honum fannst verðið of hátt, en EDS var á þessum tíma virði um eins milljarðs Bandaríkjadala. Ótrúleg velgengni

Microsoft fylgdi í kjölfarið og var það ekki fyrr en á þessu ári sem Gates lét af stjórnarformennsku. Ákvörðun Perot var afdrifarík. Ef hann hefði ákveðið að kaupa í Microsoft hefði hann getað tekið þátt í einni mestu velgengnissögu sögunnar. Markaðsvirði Microsoft er nálægt 240 milljörðum Bandaríkjadala, samkvæmt lista Forbes. Perot sagði í viðtali við Seattle Times að þessi ákvörðun væri hans versta á ferlinum. Það er ekki hægt annað en að taka undir það með Perot, að þetta reyndist óskaplega röng ákvörðun.



3 Google? Hvað er það?

Excite var vinsælasta leitarvélin á internetinu í smá tíma. Árið 1999, ári eftir að Google var stofnað, stóð Excite á tímamótum og gátu forsvarsmenn félagsins tekið mikilvægar ákvarðanir um vöxt þess. Meðal þess sem kom til greina var að kaupa kjölfestuhlut í Google á 750 þúsund Bandaríkjadali, sem er aðeins minna en tæplega 200 milljarða Bandaríkjadala verðmiðinn sem er á Google í dag. Excite var eitt margra fyrirtækja sem fjárfestar

horfðu til í netbólunni svokölluðu. Þegar halla tók undan fæti hrundi markaðsvirði Excite og fór svo að lokum að það lítið fyrirtækið, AskJeeves, keypti Excite þegar það var á barmi gjaldþrots. Forstjóri Excite sem hafnaði kaupum á hlut í Google heitir George Bell. Hann hefur þetta glataða tækifæri á samviskunni en lét víst hafa eftir sér þegar hann hafnaði boðinu að hann vissi ekkert hvað Google væri eða hvað það ætti að vera.



2 Það þarf enginn símann

Það er langt síðan árið 1876 var, 138 ár. Á því ári bauð Gardiner Greene Hubbard þáverandi fjarskiptarísum Western Union einkaleyfisvarða lausn sem almennt símkerfi var síðar byggt upp á. Western Union gat keypt lausnina á 100 þúsund Bandaríkjadali. William Orton, forstjóri Western Union, sagði lausnina ekki henta

og að hans mati væri hún ekki nægilega trúverðug. Þetta reyndist kolrangt mat. AT&T eignaðist þessa lausn síðar og byggði upp yfirburðastöðu sína á bandarískum fjarskiptamarkaði. Það er erfitt að meta þetta ranga mat til fjár. En hvernig sem á það er litið eru fjárhæðirnar alltaf svimandi.



1 Þessir gítarar eru ekki að virka

Á nýársdag 1962 mættu fjórir drengir frá Liverpool í stúdíóið hjá Decca Records og vildu fá plötusamning. Þeir kölluðu sig The Beatles, eða Bítlana. Þeir voru frekar illa fyrirkallaðir þennan dag, enda hafði bílstjórinn þeirra villst og bílferðin frá Liverpool til London tekið tíu klukkutíma. Þeir töldu sig þó hafa komið vel fyrir og flutt lögin eins vel og þeir gátu. Forsvarsmenn Decca Records voru ekki á sama máli. Þeir sögðu Bítlunum að þessir „gítarar væru ekki að virka“, það vantaði einhvern neista. Líklega myndu þeir alls ekki slá í gegn.

Bítlarnir gengu út, hnípnir. Decca Records ákvað frekar að veðja á band frá London, Brian Poole and the Tremeloes. Bítlarnir héldu sínu striki, fengu útgáfusaming að lokum. Það sem gerðist í kjölfarið er geymt á spjöldum sögunnar sem áhrifaríkasta innreið í listaheiminn frá upphafi. Bítlarnir sigruðu heiminn og leiddu rokkbyltingu í leiðinni. Þeir eru áhrifamesta hljómsveit sögunnar og munu líklega selja plötur og búa til miklar tekjur svo lengi sem mannfólkið verður á jörðinni. Það er vægt til orða tekið að Decca Records hafi ekki veðjað á réttan hest.

Uppgjörsplanið að opinberast

Lokaður hópur vinnur hörðum höndum að því að hrinda í framkvæmd afnámi hafta og uppgjöri á protabúum gömlu bankanna



Ríkisstjórnin hefur virkjað áætlun sína um afnám gjaldeyrishafta. Hún var virkjuð í haust. Um þetta var upplýst í vikunni. Áætlunin verður ekki birt opinberlega, þar sem forsætisráðherra telur slíkt þjóna hagsmunum vogunarsjóða og annarra kröfuhafa, enda er uppgjör föllnu bankanna lykilatriði í áætluninni.

Verið er að bíða eftir mati Seðlabanka Íslands á greiðslu-jöfnuði og þegar það liggur fyrir ætti framkvæmdarhluta áætlunarinnar að vera hrint af stað. Samkvæmt heimildum Kjarnans er matið í lokavinnslu og verður afhent innan skamms. Það er skilgreint sem vinnugagn og verður ekki birt opinberlega.

Það ætti því að vera stutt í að ríkisstjórnin sýni á spilin.

„Það ætti því að vera stutt í að ríkisstjórnin sýni á spilin.

Búist er við að það gerist í lok mars eða byrjun apríl.“

Búist er við að það gerist í lok mars eða byrjun apríl og þá mun afstaða til nauðasamningsumleitana föllnu bankanna verða kynnt.

Mun ríkisstjórnin fara samningsleið við kröfuhafa þar sem þeir gera nauðasamning og fá að leysa til sín erlendar eignir gegn því að gefa frá sér stærstan hluta krónueigna, eða verða gömlu bankarnir settir í gjaldþrot og kröfuhöfum borgað út í íslenskum krónum? Ljóst er að sú leið sem verður valin mun móta íslenskan veruleika um ókomna tíð.

Ráðamenn halda áætlunum sínum nærri sér

Það kom flestum, sérstaklega þingheimi, í opna skjöldu þegar Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, upplýsti um það á fundi í Valhöll á þriðjudag að áætlun um afnám gjaldeyrishafta hefði verið virkjuð í haust. Það kom þeim sömu líka mikið á óvart að skipaður hefði verið sérstakur ráðgjafahópur um afnám gjaldeyrishafta. Pólitískur samráðshópur um afnám haft, sem fulltrúar allra kjörinna flokka sitja í, kannast í það minnsta við hvorugt. Sigmundur Davíð sagði að þeir þyrftu einfaldlega að mæta á fundi til að fá upplýsingar. Fulltrúarnir kannast

GLITNIR OG HÓPUR RÍKISSTJÓRNAR SKIPTAST Á GÖGNUM

Kjarninn greindi frá því fyrir í þessum mánuði að þrotabú Glitnis ynni að því að skrá Íslandsbanka, sem það á 95 prósent hlut í, á markað í Noregi og á Íslandi. Slík skráning myndi gera það að verkum að erlendu gjalddeyrir myndi fást fyrir stóran hluta eignarinnar, sem er langstærsta innlenda eign Glitnis. Verkefnið gengur undir nafninu „Project Puffin“.

Samkvæmt heimildum Kjarnans hafa þeir sem vinna að verkefninu fyrir hönd Glitnis fundað með ráðamönnum, meðal annars Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra, til að kynna þeim málið. Það hefur

einnig ítrekað verið kynnt fyrir Seðlabanka Íslands.

Heimildir Kjarnans herma að aukin samskipti hafi átt sér stað á milli aðila að undanfögnu, meðal annars vegna „Project Puffin“ og annarra lykilatriða sem snúa að mögulegum slitum á þrotabúum bankanna. Nú stendur til að ráðgjafahópur um afnám hafta fái ákveðnar upplýsingar frá þrotabúinu um þessarar atriða. Skýrt er tekið fram að ekki sé um formlegar viðræður að ræða. Vegna viðkvæmni ástandsins er allt eins búist við því að upplýsingaskiptin fari fram í gegnum Seðlabanka Íslands.

ekki við að neinir fundir hafi verið boðaðir í lengri tíma. Óskað hefur verið eftir sérstakri umræðu um afnám hafta og viðræðna við kröfuhafa í þinginu. Hún mun væntanlega fara fram í dag.

Á sama tíma situr yfirstjórn Seðlabankans og klórar sér í hausnum yfir ástandinu. Frá því að höftin voru sett á hefur það verið á forræði bankans að leggja fram afnámsáætlanir, enda eitt af skilgreindum hlutverkum hans samkvæmt lögum að stuðla að fjármálastöðugleika. Seðlabankinn kynnti meðal annars áætlun um afnám hafta í ágúst 2009 og birti opinberlega skýrslu um losun hafta í lok mars 2011. Forsætisráðherra hefur reyndar sagt þá áætlun hafa byggt á röngum forsendum.

Það er því eðlilegt að almenningur, líkt og þingmenn, spyrji sig að því hver fer með forræði yfir áætlun um losun hafta? Er það Bjarni Benediktsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson eða Seðlabanki Íslands?

Bjarni og Sigmundur Davíð við stýrið

Svarið er ráðherranefnd um efnahagsmál, sem þeir Bjarni og Sigmundur Davíð skipa. Undir þeirri nefnd starfar stýrinefnd sem fulltrúar ýmissa ráðuneyta eiga sæti í ásamt Má Guðmundssyni seðlabankastjóra og Unni Gunnarsdóttur, forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Þar fyrir utan er ad-hoc-nefnd sem er skipuð fulltrúum sömu aðila auk Alþjóðagjalddeyrissjóðsins og utanaðkomandi sérfræðings. Þar til í vetur átti fulltrúi



Opinberun á fundi

Bjarni Benediktsson hélt fund í Valhöll á þriðjudag þar sem hann tilkynnti meðal annars að áætlun um afnám hafta hefði verið virkjuð í haust. Það kom flestum þingmönnum í opna skjöldu.

Evrópska Seðlabankans sæti þar líka en hann hefur dregið sig út úr starfinu. Auk þess á að vera til áður nefnd samráðs- nefnd allra þingflokka.

Í vikunni kom svo upp úr krafsinu að skipaður hefði verið sérstakur ráðgjafahópur um afnám hafta. Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu var hópurinn formlega skipaður 27. nóvember 2013. Í hópnum sitja sex manns, sumir með tengingar í íslenskt viðskiptalíf. Í honum sitja:

- Sigurbjörn Þorkelsson fjárfestir
- Jón Helgi Egilsson, verkfræðingur og hagfræðingur
- Jón Birgir Jónsson verkfræðingur
- Eiríkur Svavarsson lögfræðingur
- Ragnar Árnason hagfræðiprófessor
- Reimar Pétursson lögfræðingur

Þeir Eiríkur, Reimar og Jón Helgi tóku allir þátt í starfi Advice- og Indefence-hópanna, sem börðust hart gegn því að

NAUÐASAMNINGSLEIÐIN

- Protabú bankanna sækja um undanþágu frá gjaldeyrishöftum til að geta klárað nauðasamninga. Til að þær undanþágur verði samþykktar þurfa tillögurnar að uppfylla skilyrði laga um stöðugleika í gengis- og peningamálum.
- Takist það verða erlendar eignir protabúanna, sem hlaupa á þúsundum milljarða króna, greiddar út til þeirra.
- Til að stöðugleikinn í gengis- og peningamálum náist þurfa kröfuhafarnir að gefa eftir þorra íslenskra eigna sinna eða binda þær til mjög langs tíma. Tillögur þeirra hafa miðað við að reyna að selja að minnsta kosti einn nýju bankanna, Íslandsbanka, til erlendra aðila. Afgangur eigna þeirra innan hafta yrði „seldur“ fyrir litla upphæð til opinbers aðila, líklega dótturfélags Seðlabanka Íslands, eða bundinn í langtímaendurfjármögnun á t.d. íslenska fjármálakerfinu á kjörum sem eru mun hagstæðari en því bjóðast á alþjóðamörkuðum í dag.

GJALDÞROTALEIÐIN

- Gömlu bankarnir verða settir í gjaldþrot samkvæmt íslenskum gjaldþrotalögum.
- Erlendar eignir þeirra verða skilaskyldar til Seðlabanka Íslands, sem mun með því eignast mikinn gjaldeyri. Sá gjaldeyri yrði væntanlega vistaður inni í dótturfélagi Seðlabanka Íslands.
- Allir kröfuhafar fá í kjölfarið greitt í íslenskum krónum og slíkum mun þar af leiðandi fjölga gríðarlega.
- Seðlabanki Íslands, eða dótturfélag hans, hefði umsjón með því að koma þeim eignum sem hann myndi leysa til sín í verð. Á meðal þeirra yrðu tveir viðskiptabankar: Arion banki og Íslandsbanki.
- Vonir standa til þess að kröfuhafarnir myndu þá vilja losna við þessar krónueignir með gríðarlega miklum afslætti. Íslenskir aðilar myndu þá verða tilbúnir að kaupa þær af þeim.

samið yrði um Icesave. Reimar hefur auk þess skrifað um að knýja eigi föllnu bankana í gjaldþrot og greiða út til kröfuhafa þeirra í íslenskum krónum. Jón Helgi situr í bankaráði Seðlabanka Íslands ásamt Ragnari Árnasyni. Samkvæmt svari forsætisráðuneytisins við fyrirspurn Kjarnans um málið er hópurinn skipaður mönnum sem „taldir eru búa yfir sérfræðipækkingu á sviði fjármála, gjaldeyrismála og gjaldþrotaréttar. Hlutverk þeirra er m.a. að vinna úr tölfraðilegum upplýsingum um stöðu þjóðarbúsins, leggja heildar-mat á stöðuna og koma með tillögur til ráðherranefndarinnar“.

Talin stýra vinnunni

Þessi hópur er talinn stýra vinnunni um afnám hafta. Aðalatriði þeirrar vinnu er hvernig protabú föllnu bankanna verði gerð upp. Þar eru tveir skólar í gangi: annars vegar að heimila kröfuhöfum að greiða sér út erlendar eignir sínar gegn því að þeir samþykki lausn á því hvað verði um krónueign þeirra sem sé þess eðlis að hún valdi engum gjaldeyrisójöfnuði hérlandis. Hins vegar er sú leið sem ýmsir innan ráðgjafahópsins hafa talað sterkt fyrir og í felst að setja gömlu bankanna í gjaldþrot, gera allar erlendu eignir þeirra skilaskyldar

og borga kröfuhöfum út í íslenskum krónum.

Parna er um mikla hagsmuni að ræða. Protabú föllnu bankanna eru risavaxin. Eignarsafn Glitnis er til að mynda

metið á 924 milljarða króna. Einungis 275 milljarðar eru í íslenskum krónum. Restin er bundin í erlendum lánum og reiðufé. Búist er við því að allar eignir búins verði orðnar að reiðufé í lok árs 2016. Í þrotabúi Kaupþings eru 790 milljarðar króna. Rúmlega 18 prósent af þeirri upphæð eru eignir í íslenskum krónum.

Ljóst er að það eru aðilar innan ráðgjafarhópsins sem vilja fara gjaldþrotaleiðina. Kröfuhafar eru henni eðlilega mjög andsnúnir. Þeir telja að það muni ekki hafa nein kerfisleg áhrif á íslenska efnahagskerfið að þeir fái að greiða sér út erlendar eignir þrotabúanna. Í einkasamtölum fullyrða þeir að barist verði gegn slíkri leið með kjafti og



Mótmæli

Tilkynning um ætlaðar breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands og slit á Evrópusambandsaðild í síðustu viku hleypti íslensku samfélagi í uppnám. Þúsundir hafa mótmælt við Alþingi nokkra daga í röð.

klóm verði ákveðið að fara hana. Það muni þeir meðal annars gera með því að hunsa skilaskyldu til Seðlabankans og fá dómstóla í þeim löndum þar sem eignirnar eru geymdar í lið með sér í þeirri baráttu.

Margir geta orðið ríkir

Sú leynd sem ríkir yfir starfinu veldur mörgum áhyggjum. Um er að ræða ákvörðun sem mun hafa gríðarleg áhrif á íslenskt samfélag, óháð því hvor leiðin verður valin. Það liggur líka fyrir að á meðan að afnámsáætlunin er ekki opinber ríkir mikið ójafnræði á markaði á milli þeirra sem vita hvað í henni felst og hinna sem vita það ekki. Afnámsáætlunin mun enda hafa verðmyndandi áhrif á allar fjármálavörur. Slíkt ástand þykir ekki til þess fallið að auka trú á íslenskt markaðshagkerfi.



Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmálaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.

Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.

Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum **Þjóð.is** þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.


Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.

www.þjóð.is

**JÁ, ÉG VIL
KJÓSA!**

Mesti hagnaður einkafjárfesta eftir bankahrún

Hagamelur, félag Árna Haukssonar, Hallbjörns Karlssonar og Sigurbjörns Þorkelssonar, hefur fjórfaldað fjárfestingu sína í Högum



Hagamelur ehf., félag í eigu fjárfestanna Árna Haukssonar, Hallbjörns Karlssonar og Sigurbjörns Þorkelssonar, seldi á mánudag 6,6 prósentu hlut í smásölurisanum Högum. Með sölunni innleystu þeir um 2,3 milljarða króna hreinan hagnað á fjárfestingu sinni í félaginu, en tæp þrjú ár eru síðan þeir lögðu út í hana. Hagamelur á enn tæplega 1,6 prósentu hlut. Sá hlutur er metinn á tæplega 800 milljónir króna, sem er svipuð upphæð og þeir fjárfestu upprunalega í Högum.

Um er að ræða mesta hagnað sem einkafjárfestir hefur innleyst frá hruni vegna hlutabréfaviðskipta. Fyrri stórar hagnaðarsölur, til dæmis með bréf í Icelandair, hafa flestar verið þannig að Framtakssjóður Íslands, að mestu í eigu lífeyrissjóða, hefur verið að selja lífeyrissjóðunum sem eiga sjóðinn. Þannig hafa peningar verið færðir úr einum vasa í annan.

Það kemur væntanlega engum á óvart að það voru að mestu lífeyrissjóðir sem keyptu hlut Hagamels í Högum. Mest keypti Lífeyrissjóður verslunarmanna, en hann borgaði um 1,7 milljarða króna fyrir um 3,4 prósentu hlut.

„Það þýðir að Hagamelur innleysti um 2,2 milljarða króna hagnað og heldur samt sem áður eftir 1,53 prósentu hlut í Högum og er enn langstærsti einkafjárfestirinn í smásölurisanum.“

Voru valdir til að kaupa

Hagar voru fyrsta félagið sem skráð var á markað eftir hrunið. Arion banka hafði þá tekist að losa um eignarhald Baugsfjölskyldunnar á félaginu sem hún hafði stofnað og rekið í hartnær tvo áratugi. Bankinn hóf í kjölfarið leit að einhverjum til að taka kjölfestuhlut í Högum áður en félagið yrði skráð á markað. Vorið 2010 hafði starfsmaður Arion banka samband við Árna og Hallbjörn til að kanna áhuga þeirra á að fylla þetta hlutverk. Þeir höfðu ekki áhuga þá, enda stóð til fá þá til að kaupa 30 prósentu hlut. Það fannst þeim of mikið.

Í nóvember sama ár rann síðan út óskuldbindandi frestur til að skila inn tilboðum í kjölfestuhlut í Haga. Tíu aðilar,

LYKILSTJÓRNENDUR FENGU BRÉF GEFINS OG HAFU SELT HLUTA ÞEIRRA

Ýmsir aðrir en kjölfestufjórðingarnir í Högum hafa hagnast vel á endurskipulagningu félagsins eftir bankahrun. Fimm stjórnendur Haga fengu 1,4 prósent hlut gefins frá Arion banka, sem hafði áður yfirtekið félagið, áður en Hagar voru skráðir á markað. Tveir þeirra, þeir Finnur Árnason forstjóri og Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss, voru á meðal þriggja stjórnenda sem höfðu áður selt hluti í Högum til félagsins sjálfs á rúmlega einn milljarð króna. Þetta átti sér stað á árunum 2008 og 2009. Þeir fengu því gefins hlutabréf í félagi sem þeir höfðu selt bréf í með miklum hagnaði skömmu áður. Vert er að taka fram að stjórnendurnir notuðu hluta þess fjár sem þeir fengu úr sölunum á árunum 2008 og 2009 í að greiða niður lán sem tekin voru til hlutabréfakaupanna.

Guðmundur seldi síðan tvær milljónir hluta í Högum um miðjan janúar síðastliðinn. Fyrir það fékk hann 81,3 milljónir króna. Hann á enn um 2,2 milljónir hluta og er sú eign metin á annað eins. Þeir



aðrir lykilstjórnendur innan Hagasamstæðunnar, eða makar þeirra, hafa einnig selt hluti. Þeir eru Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, Kjartan Már Friðsteinsson, framkvæmdastjóri Banana, og Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa.

innlendir og erlendir, gerðu tilboð. Einn þessara aðila var Stefnir, sjóðstýringarfyrtæki í eigu Arion banka. Yfirmenn Stefnis buðu í kjölfarið Árna og Hallbirni aftur að vera með, og taka nú minni hlut. Eftir tveggja tíma umhugsun þáðu þeir það. Þeir buðu vini sínum til áratuga, Sigurbirni Þorkels-syni, og Tryggingamiðstöðinni að vera með sér og saman mynduðu þessir aðilar félagið Hagamel.

Fengu lán fyrir kaupunum

Vogabakki, fjórðingarfélag þeirra Árna og Hallbjörns, hafði fjórðing erlendis og gengið vel. Allar eignir þess voru utan hafta. Þeir fengu fyrirgreiðslu hjá Íslandsbanka, sínum viðskiptabanka, fyrir kaupunum sem var með veði í erlend-um eignum þeirra. Þannig þyrftu þeir ekki að flytja neina peninga inn í gjaldeyrishöftin. Því fengu þeir lánað fyrir kaupunum.

Hagamelur leiddi hóp sem kallaðist Búvellir og fékk að kaupa 34 prósent hlut í Högum á 10 krónur á hlut áður en

GAMLIR VINIR SEM VORU SAMAN Í NÁMI Í STANFORD

Árni Hauksson og Hallbjörn Karlsson hafa fylgst að um áratugaskeið og eiga í dag fjárfestingarfélagið Vogabakka ehf. Þeir komu fyrst fram sem stórir leikendur í íslensku viðskiptalífi þegar þeir keyptu ráðandi hlut í Húsasmiðjunni snemma á síðasta áratug. Þeir seldu eignarhlut sinn til félags í eigu Baugs árið 2005. Næstu ár, og fram yfir bankahrun, fjárfestu þeir að mestu erlendis og tóku lítinn þátt í íslensku viðskiptalífi þar til þeir keyptu hlutinn í Högum.

Síðan þá hafa þeir aukið umsvif sín á Íslandi til muna ásamt Sigurbirni Þorkelssyni, sem er gamall vinur þeirra. Allir þrír námu verkfræði saman og fóru síðan saman í framhaldsnám í Stanford í Bandaríkjunum. Sigurbjörn hefur starfað í alþjóðlega fjármálageiranum árum saman. Hann starfaði meðal annars hjá hinum alræmda Lehman Brothers-fjárfestingarbanka en færði sig síðar yfir til Barclays-bankans þar sem hann var með starfstíllinn „Managing Director and Head of Equities in

Asia Pacific“. Hann hætti þar í maí 2013 og rekur nú fjárfestingarfyrirtækið Fossa. Hann veitir auk þess ráðgjafahópi forsætisráðherra um afnám hafta, sem skipaður var í lok nóvember 2013, forstöðu.

Hagamelur tók þátt í hlutafjárútboði á bréfum í VÍS, sem þá var á leið á markað. Hagamelur tryggði sér þar 9,9 prósent hlut í tryggingafélaginu á genginu 8,52 krónur á hlut. Í byrjun júní sama ár, skömmu fyrir hluthafafund í VÍS, seldu þeir 4,7 prósent af hlut í félaginu og héldu eftir 5,2 prósentum. Um það leyti var gengi bréfa í VÍS um 10 krónur á hlut. Salan skilaði þeim félögum því fínum hagnaði. Hallbjörn er stjórnarformaður VÍS.

Fjárfestingargeta Hagamels í íslenskum krónum er mikil eftir söluna í Högum. Líklegt verður að teljast að félagið muni leita að nýjum fjárfestingarkosti til að binda það fjármagn í, enda ávöxtun á innstæðureikningum ekki beysin á Íslandi nútímans.

félagið var sett á markað. Aðrir í Búvöllum voru lífeyrissjóðir og sjóðir í stýringu hjá Stefni. Inn í samkomulaginu var líka forkaupsréttur á 10 prósentum til viðbótar á genginu 11 krónur á hlut áður en restin af hlutafé Haga var skráð á markað í desember 2011. Þann forkaupsrétt nýttu Búvellir sér. Félagið var síðan leyst upp og hver eining hélt eftir það sínum hlut. TM fór auk þess út úr Hagamelssamstarfinu og eftir sátu þar þeir Árni, Hallbjörn og Sigurbjörn.

Fjórfoldast í verði

Hluttur þeirra var 8,2 prósent. Upprunalega greiddi félagið fyrir hann 982 milljónir króna. Þegar Hagar voru skráðir á markað var byrjunargengi bréfanna 13,5 krónur á hlut. Áður en viðskipti hófust hafði því Hagamelshópurinn hagnast um 314 milljónir króna. Sá hagnaður átti eftir að aukast mikið.

Fyrir skemmstu fóru þeir að kanna þann möguleika á að selja hlut sinn í Högum. Samkvæmt upplýsingum Kjarnans var áhuginn á að kaupa gríðarlegur. Hagamelur hefði auðveldlega getað selt allan hlut sinn, sem þarna hafði þynnst í um 7,9 prósent. Af varð hins vegar að félagið seldi

um 6,4 prósent á genginu 42 krónur á hlut. Fyrir það fengust rúmlega 3,2 milljarðar króna. Það þýðir að Hagamelur innleysti um 2,2 milljarða króna hagnað og heldur samt sem áður eftir 1,53 prósent hlut í Högum og er enn langstærsti einkafjárfestirinn í smásölurisanum. Uppistaða annarra bréfa er í eigu lífeyrissjóða, sem hafa ryksugað þau upp á markaði eftir skráningu félagsins. Þá voru eigendur Haga 2.744. Í dag eru þeir um 1.100 talsins.

Arion banki seldi líka hlut í Högum samhliða Hagamel. Alls losaði bankinn um 1,6 prósent og fékk fyrir það 841 milljón króna. Eftir viðskiptin á Arion 3,7 prósent hlut.

Með tvo af fimm í stjórn

Eftir þessar hræringar eru lífeyrissjóðir, fagfjárfestingasjóðir og Arion banki eigendur að tæplega ¾ hlutabréfa í Högum

8. JANUAR 2013

Kaup Búvalla í Högum eru viðskipti ársins

Höpur sem settur var saman af Stelvi keypti 44% hlut í Högum í tveimur atvrum áður en félagið var skráð í Kauphöllina. Kaupin voru gerð í nafni Búvalla. Við hlutarinn hefur hækkað um tugi prósent. Ári Hauksdóttir og Hallbjörg Katlason fóru fyrir högum og Sigbjörn Jóhannsson, forstöðumaður hjá Stelvi, var hjálkmaður í ferlinum.

VIÐSKIPTI ÁRSINS

Höpur sem settur var saman af Stelvi keypti 44% hlut í Högum í tveimur atvrum áður en félagið var skráð í Kauphöllina. Kaupin voru gerð í nafni Búvalla. Við hlutarinn hefur hækkað um tugi prósent. Ári Hauksdóttir og Hallbjörg Katlason fóru fyrir högum og Sigbjörn Jóhannsson, forstöðumaður hjá Stelvi, var hjálkmaður í ferlinum.

Viðskipti ársins af nafni Búvalla voru um 44% hlut í Högum. Högum var settur saman af Stelvi og Högum í tveimur atvrum áður en félagið var skráð í Kauphöllina. Kaupin voru gerð í nafni Búvalla. Við hlutarinn hefur hækkað um tugi prósent. Ári Hauksdóttir og Hallbjörg Katlason fóru fyrir högum og Sigbjörn Jóhannsson, forstöðumaður hjá Stelvi, var hjálkmaður í ferlinum.

Stelvi er einn af stærstu fjárfingum í Högum. Högum var settur saman af Stelvi og Högum í tveimur atvrum áður en félagið var skráð í Kauphöllina. Kaupin voru gerð í nafni Búvalla. Við hlutarinn hefur hækkað um tugi prósent. Ári Hauksdóttir og Hallbjörg Katlason fóru fyrir högum og Sigbjörn Jóhannsson, forstöðumaður hjá Stelvi, var hjálkmaður í ferlinum.

Viðskipti stjórnenda Haga með bréf líka nefnd

Stjórnendur Haga eru ekki þess vissu að hafa kaupstærðir sínar í Högum. Stjórnendur Haga eru ekki þess vissu að hafa kaupstærðir sínar í Högum. Stjórnendur Haga eru ekki þess vissu að hafa kaupstærðir sínar í Högum. Stjórnendur Haga eru ekki þess vissu að hafa kaupstærðir sínar í Högum.



Stjórnendur Haga eru ekki þess vissu að hafa kaupstærðir sínar í Högum. Stjórnendur Haga eru ekki þess vissu að hafa kaupstærðir sínar í Högum. Stjórnendur Haga eru ekki þess vissu að hafa kaupstærðir sínar í Högum. Stjórnendur Haga eru ekki þess vissu að hafa kaupstærðir sínar í Högum.

Síðir eru stólar. Högum var settur saman af Stelvi og Högum í tveimur atvrum áður en félagið var skráð í Kauphöllina. Kaupin voru gerð í nafni Búvalla. Við hlutarinn hefur hækkað um tugi prósent. Ári Hauksdóttir og Hallbjörg Katlason fóru fyrir högum og Sigbjörn Jóhannsson, forstöðumaður hjá Stelvi, var hjálkmaður í ferlinum.


Síðir eru stólar. Högum var settur saman af Stelvi og Högum í tveimur atvrum áður en félagið var skráð í Kauphöllina. Kaupin voru gerð í nafni Búvalla. Við hlutarinn hefur hækkað um tugi prósent. Ári Hauksdóttir og Hallbjörg Katlason fóru fyrir högum og Sigbjörn Jóhannsson, forstöðumaður hjá Stelvi, var hjálkmaður í ferlinum.

Síðir eru stólar. Högum var settur saman af Stelvi og Högum í tveimur atvrum áður en félagið var skráð í Kauphöllina. Kaupin voru gerð í nafni Búvalla. Við hlutarinn hefur hækkað um tugi prósent. Ári Hauksdóttir og Hallbjörg Katlason fóru fyrir högum og Sigbjörn Jóhannsson, forstöðumaður hjá Stelvi, var hjálkmaður í ferlinum.



Stjórnendur Haga eru ekki þess vissu að hafa kaupstærðir sínar í Högum. Stjórnendur Haga eru ekki þess vissu að hafa kaupstærðir sínar í Högum. Stjórnendur Haga eru ekki þess vissu að hafa kaupstærðir sínar í Högum. Stjórnendur Haga eru ekki þess vissu að hafa kaupstærðir sínar í Högum.

eru ekki mikið að taka ráðandi stöður í stjórnum þeirra félaga sem þeir kaupa í. Þess vegna hafa Árni og Hallbjörn til að mynda báðir setið í fimm manna stjórn Haga þrátt fyrir að eiga lítinn hlut miðað við marga sjóðina. Árni er auk þess stjórnarformaður félagsins. Næsti aðalfundur Haga verður í byrjun júní. Áhugavert verður að sjá hvort Hagamelur, í krafti 1,53 prósent eignarhluts, muni halda þeirra stjórnarformennsku.



1990.-



1999.-



990.-



BÓKA

MARKAÐURINN

Laugardalsvelli

ÓTRÚLEGT ÚRVAL ÞÚSUNDIR TITLA EKKI MISSA AF ÞESSU




OPID
FRÁ KL. 10:00
ALLA DÖG



999.-



590.-



1990.-




990.-



15000.-



1499.-



790.-



990.-



SJÖ SPURNINGAR

Hugrún Halldórsdóttir

Sjónvarpskona

Hvað á að gera um helgina?

Látum okkur nú sjá. Ég ætla allavega að byrja á því að fá mér gott að borða á Höfninni á föstudagskvöld og upplifa Food & Fun í fyrsta sinn. Laugardeginum verður varið með lífsglöðum frænkum og kvöldið verður mjög menningarlegt – Óperan Ragnheiður í Hörpu. Sunnudagur er alveg óráðinn, sem er ansi gott því ég get gert það sem ég elska: að hangsa.

Hvaða plata kemur þér í stuð (og af hverju)?

Sama hvað ég leita í hausnum þá finn ég ekki svarið, kannski þar sem maður er eiginlega alveg hættur að hlusta á plötur í heild sinni og gerir eigin lagalista. Ég er með skotheldan hlaupalista sem kemur mér í gírinn en hann er stútfullur af spænskum lögum.

Hvaða sjónvarpsþættir eru í uppáhaldi þessa dagana?

Var að byrja á True Detective og það lofar góðu. Matthew McConaughey, sem hefur hingað til alltaf leikið sæta gaurinn og ekki verið að vinna leiksiga, er ótrúlegur. Annars hef ég líka verið að horfa á Seinfeld en þættirnir fóru framhjá mér á sínum tíma, sem þýðir að ég fór á mis við lífið! Þeir eru bestir!

Hvaða samstarfsfélagi á 365 er fyndnastur (og af hverju)?

Þessi er erfið, þ.e.a.s. að velja bara einn, og ég hef þess vegna ákveðið að svindla. Hödd Vilhjálmisdóttir er ALLTAF í góðu skapi, Sindri Sindra-son er eins hnyttinn og þeir gerast, Gissur Sigurðsson fær mann til að hlæja og vilja faðmlag og svo er það Egill Aðalsteinsson, sem hefur lengt líf mitt um tíu ár. Ef ég geri grínmynd verður hann fyrirmynd aðalpersónunnar.

Hvaða land er í sérstöku uppáhaldi hjá þér (og af hverju)?

Spánn, Spánn og aftur Spánn. Ég hef tvisvar farið þangað til að læra tungumálið og svo í fjöldamörg skipti í frí. Finnst alltaf eins og ég sé komin heim enda á því að hafa verið Spanjólí í fyrra lífi.

Hvað finnst þér um ákvörðun stjórnarflokkanna að draga aðildarumsóknina að ESB til baka?

No comment.

Af hverju hefur þú mestar áhyggjur í íslensku samfélagi í dag?

Þegar stórt er spurt. Ég hef í mörg ár haft áhyggjur af stöðu eldri borgara og ekkert bendir til þess að áhersla stjórnvalda breytist í þeim efnum. Ég verð að segja að ég hræðist órlítið að eldast.

kjarninn 27. febrúar 2014

f Facebook



HELGI SELJAN

Pant ekki bera út í götunni hennar Katrínar...
miðvikudagur 26. febrúar

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR



Pá er ekkert annað eftir en að pakka og kveðja.
<http://www.buzzfeed.com/marietelling/what-european-country-do-you-actually-belong-in>
miðvikudagur 26. febrúar

HILDUR SVERRISDÓTTIR



Heyrst á Laugaveginum: Karlmaður #1: "Hey, heyrðir þú að það var einhver stjórnmalamaður að segja að Malta væri ekki sjálfstætt ríki? Karlmaður #2: "Já, var það ekki einhver sjálfstæðismaður?" Dæðs.

þriðjudagur 25. febrúar

BAKHBERGID

Var Skúla Mogensen sagt upp?

Í byrjun síðustu viku birtust fréttir um að WOW air væri enn og aftur að skipta um auglýsingastofu. Markaðsstjóri WOW, Ágústa Hrund Steinarsdóttir, lét einnig af störfum, en hún náði ekki að starfa þar í heilt ár. Fyrirrennari hennar, Guðmundur Arnar Guðmundsson, hætti í apríl 2013 eftir svipaðar hræringar. Í viðtali við Morgunblaðið lét Skúli í það skína að hann hefði ákveðið að hætta í viðskiptum við Hvíta húsið og að WOW ætlaði að sinna sínum markaðsmálum sjálf. Í bakherbergjunum er hins vegar fullrytt að þessu hafi verið öfugt farið, Hvíta húsið hafi hætt með Skúla.

Twitter



JÚLÍANA SÓL @julianasol

Pósthús í Ameríku eru einhverskonar torture chambers
fimmtudagur 20. febrúar



MAGNÚS SIGURBJÖRNSSON @sigurbjornsson

Ég brosi alltaf þegar Framsókn er kallaður Farnsóknarflokkurinn í blöðunum. Eiginlega ekki innsláttarvilla.
þriðjudagur 25. febrúar



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR @svasva

Verður spennandi að sjá hvað GBS tekur út úr greinargerðinni í dag.
miðvikudagur 26. febrúar

Ráðuneyti sem er ekki til sér um framkvæmd

Þingsályktunartillaga Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra um að slíta viðræðum við Evrópu-sambandið hefur vakið margháttða athygli. Hún þyk-ir bera þess merki að vera skrifuð af pólitíkusi, ekki embættismanni líkt og vaninn er, enda sterkur and-Evrópusambandstónn ríkjandi í orðalagi tillögunar. Í henni er líka sagt frá því að framkvæmd Schengen-samningsins hvíli að mestu á dóms- og kirkjumála-ráðuneytinu. Vandamálið við þessa fullyrðingu er að slíkt ráðuneyti hefur ekki verið til síðan 1. janúar 2011, þegar innanríkisráðuneytið tók til starfa.

Full búð af dásemdum

Vaxtalaus
kortalán til
allt að
12 mánaða.



MacBook Pro
verð frá 199.990 kr.-

Smelltu hér



iPhone 5s
verð frá 109.900 kr.-

Smelltu hér



iPhone 5c
verð frá 89.900 kr.-

Smelltu hér



iPad
verð frá 49.990 kr.-

Smelltu hér

kjarninn 27. febrúar 2014





Mótmælt í einn og hálfan mánuð

Vegna viðvarandi skorts á nauðsynjavörum og hárrar glæpatíðni í Venesúela hafa tugir þúsunda tekið þátt í tíðum mótmælum gegn stjórn sósíalists Nicolàs Maduro forseta, arftaka Hugo Chavez. Verðbólga í Venesúela er með mesta móti; stendur nú í 56,2 prósentum.

Mynd: AFP





Mótmælt um allt land

Almenningur hefur mótmælt víða í Venesúela síðan í janúar, þegar leikkonan Monica Spear var myrt af vegaræningjum. Alls staðar hafa öryggissveitir ríkisins mætt mótmælendum á götum og sums staðar hefur hefur komið til átaka. Sextán hafa fallið í átökunum og mörg hundruð hafa særst.

Mynd: AFP





Átökin í Úkraínu náðu hámarki

Fyrir rétttri viku gerðu mótmælendur og stjórnvöld í Úkraínu með sér vopnahléssamning eftir blóðugasta dag mótmælanna á þriðjudag í síðustu viku. Vopnahléið stóð ekki lengi því átök milli lögreglu og mótmælenda hófust á ný nokkrum klukkustundum síðar, með enn meira mannfalli.

Mynd: AFP





Janúkovitsj í felum

Forseti Úkraínu var flæmdur úr höll sinni nærri Kænugarði eftir að handtöku-skipun var gefin út á hann á mánudag fyrir fjöldamorð á mótmælendum. Almenníngur og fjölmiðlar fengu því að kanna forsetahöllina þar sem Viktor Janúkovitsj hefur lifað í vellystingum, svo vægt sé til orða tekið.

Mynd: AFP





#Evróputorgið

Þessi mesta stjórnmálakreppa Úkraínu síðan landið hlaut sjálfstæði árið 1991 er nú kölluð Evróputorgið. Vísað er í deilurnar um samstarf við Evrópu og í Sjálfstæðistorgið þar sem hörðustu átökin fóru fram. Var heitinu fyrst slegið fram sem umræðumerkinu #Euromaidan á samfélagsmiðlum, en þeir hafa orðið æ mikilvægari þáttur í átökum borgara gegn stjórnvöldum víða um heim.

Mynd: AFP



HOT WINGS MÁLTÍÐ



Nýtt!

AÐEINS
990
KRÓNUR



svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTÍ • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÖPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI **WWW.KFC.IS**

VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Sviatoslav Khanenko, mótmælandi í Úkraínu

Hættulegasti tíminn liðinn



Mótmælin í Kænugarði, höfuðborg Úkraínu, kostuðu að minnsta kosti hundrað mótmælendur lífið. Hundruð þúsunda tóku þátt í mótmælunum þegar mest lét, en upphaf þeirra má rekja til þeirrar ákvörðunar Viktors Janúkovitsj, þáverandi forseta að skrifa ekki undir sögulegan samstarfssamning við Evrópusambandið sem hafði verið í undirbúningi um árabil. Janúkovitsj hefur þótt hallur undir Rússa, og talið er að hann hafi hætt við að skrifa undir samninginn vegna þrýstings frá hinum risavaxna nágranna.

Úkraínumenn litu á ákvörðun forsetans sem alvarleg svik við þjóðina, sökuðu hann um að framselja hagsmuni þjóðarinnar til Vladímírs Pútín, forseta Rússlands, og tóku að flykkjast út á götur Kænugarðs 21. nóvember síðastliðinn til að mótmæla. Einn þeirra var Sviatoslav Khanenko, sem óraði ekki fyrir að þau ættu eftir að verða að blóðbaði.

Fríðsöm mótmæli sem urðu að blóðugri byltingu

Sviatoslav Khanenko er fæddur og uppalin í Kænugarði.

Hann er 31 árs og lauk prófi læknisprófi frá háskólanum í borginni. Hann starfaði sem heimilislæknir en hélt til Barcelona á Spáni árið 2010 til að stunda nám í markaðsfræði. Hann starfar nú sem markaðsstjóri hjá alþjóðlegu lyfjafyrirtæki.

Hann tók þátt í mótmælunum á Sjálfstæðistorginu í Kænugarði, bæði sem mótmælandi og læknir í sjálfbodoastarfi sem gerði að sárum mótmælenda. Þá tók hann þátt í því að verja torgið fyrir áhlaupi lögreglunnar þegar allt ætlaði um koll að keyra í Úkraínu vegna ástandsins.

Hann segir mótmælin hafa skyndilega stigmagnast þegar sérsveit lögreglunnar, Berkut, hafi ráðist á fríðsöm mótmæli stúdenta á Sjálfstæðistorginu 30. nóvember. Torgið var einmitt vettvangur appelsínugulu byltingarinnar sem átti sér stað frá nóvember 2004 til janúar 2005, eftir að Janúkovitsj var kjörinn forseti landsins, sakaður um umfangsmikil kosningasvik. „Stúdentarnir veittu lögreglunni mótspyrnu,

„Blóðið fossaði, margir slösuðust og þriggja stúdentar er enn saknað.“

sem svo réðst á þá með hræðilegum hætti. Blóðið fossaði, margir slösuðust og þriggja stúdenta er enn saknað,“ segir Sviatoslav í samtali við Kjarnann.

Árás Berkut hélt áfram daginn eftir, 1. desember. „Eftir þau átök byrjuðum við að reisa varnargarða til að girða torgið af frá árásum lögreglu. Ég vil taka fram að hvorki verslunar- né skrifstofuhúsnæði í námunda við torgið varð fyrir skemmdum af völdum mótmælenda.“

Sviatoslav segir átök lögreglu og mótmælenda á Sjálfstæðistorginu hafa fyrst náð hámarki 11. desember þegar lögregla umkringdi torgið og reyndi að fækka í hópi mótmælenda. Þá hafi allt soðið upp úr 17. janúar þegar úkraínska þingið samþykkti umdeild lög sem bönnuðu mótmælastöður og hópamyndanir. „Eftir það hófu mótmælendur að ráðast á lögreglu, sem hafði myndað varnarstöðu í kringum þinghúsið. Átökin leiddu svo til þess að þingið felldi lögin úr gildi og samið var um tímabundið vopnahlé, sem átti ekki eftir að endast lengi,“ segir Sviatoslav.

Hann segir fyrstu mótmælendurna hafa fallið fyrir sér-sveit lögreglu 18. janúar og mótmælin hafi á ný náð hámarki sínu dagana 19. til 21. febrúar þegar lögregla reyndi í síðasta skipti að fækka í hópi mótmælenda á torginu með brynvörðum farartækjum og sjálfvirkum skotvopnum. Sviatoslav þakkar guði fyrir að hvorki hann né aðrir vinir í hans hópi hafi slasast í átökunum.

Fyrstu mótmælin

Hinn 21. nóvember hófust mótmælin á Frelsistorginu í Kænugarði. Myndin er tekin af því tilefni.



Þjóðin langþreytt á langvarandi spillingu

Sviatoslav segir kröfur úkraínsku þjóðarinnar vera einfaldar. Þegnar þjóðarinnar séu orðnir langþreyttir á rányrkju fyrrverandi stjórnvalda undir forystu Janúkovitsj á auðæfum þjóðarinnar. Andrúmslofti lyga og spillingar sem varað hefur um áraraðir. „En aðalástæðan fyrir því að við, fólkið í Úkraínu, stóðum upp núna til að berjast var til að berjast fyrir virðingu okkar, sem stjórnvöld voru að traðka á. Við kölluðum einmitt mótmælin það, Virðuleikabyltinguna.



Lögregla grá fyrir járnum
Þessi mynd er tekin 19. febrúar þegar lögregla og mótmælendur tókust á í síðasta skiptið. Hér má sjá laganna verði nálgast Frelsisorgið gráa fyrir járnum.

Mótmælin hlutu það nafn eftir að ráðist var á stúdentana 30. nóvember. Korníð sem fyllti mælinn var þegar stjórnvöld ætluðu að stöðva samstarfið við Evrópusambandið og hefja frekara samstarf við Rússland. Þjóðin vill fá að njóta sambærilegra réttinda í dómskerfinu og þekkist í Evrópusambandinu og sömuleiðis sambærilegrar heilbrigðisþjónustu.“

Eins og kunnugt er hefur Janúkovitsj forseti hrökklast frá völdum. Oleksandr Túrsjínov

forseti þingsins hefur verið skipaður forseti landsins til bráðabirgða, eða þar til gengið verður til kosninga í landinu á ný í maí. Hann hefur sömuleiðis tekið við æðstu yfirstjórn herafla landsins.

Gefin hefur verið út handtökuskipun á hendur Janúkovitsj, sem fer huldu höfði í Úkraínu. Þá hefur sérsvait lögreglunnar, Berkut, verið leyst upp, en liðsmenn hennar eru sakaðir um að bera ábyrgð á fjöldamorðunum á mótmælendum í miðborg Kænugarðs. Allt að fimm þúsund lögreglumenn eru í sérsveitinni, og búist er við að einhverjir þeirra verði ákærðir fyrir að myrða mótmælendur. Upplýst hefur verið að leyniskyttur lögreglunnar hafi drepið meira en hundrað manns á meðan á mótmælunum stóð.

Þurfum ekki að breyta nöfnunum heldur kerfinu

Vítalí Klitsjko, fyrrverandi heimsmeistari í hnefaleikum, varð á tímabili ein helsta rödd mótmælanna í Úkraínu og tók virkan þátt í þeim. Hann hefur tilkynnt að hann muni bjóða sig fram til forseta í komandi kosningum. Þá var pólitíski fanginn og fyrrverandi forseti Úkraínu, Júlía Tímósjenko, leyst úr haldi eftir mótmælin.



Sviatoslav og Klitsjko

Hér má sjá Sviatoslav Khanenko og Vítalí Klitsjko við mótmælin á Frelsistorginu í Kænugarði. Pungavigtarmeistarinn fyrrverandi hefur boðað framboð sitt til forseta í komandi kosningum.

„Fólkið á Sjálfstæðistorgi var hvorki að berjast fyrir Klitsko né Tímósjenko. Það var að berjast fyrir réttindum sínum og virðuleika. Þar að auki fer ekki gott orð af Tímósjenko á meðal mótmælendanna, hún er hluti af sama kerfinu þó að hún komi úr öðrum stjórnmalaflokki. Klitsjko nýtur virðingar sem íþróttamaður en ekki sem stjórnmalamaður. Fólkið vill ekki breyta nöfnunum sem stýra landinu, heldur kerfinu sjálfu. Það vill stuðla að pólitísku kerfi þar sem lýðræði og ábyrgð verði höfð að leiðarljósi, fremur en rötgróin spilling. Ef fram stíga einstaklingar sem vilja stuðla að þessu munu þeir vafalaust hljóta stuðning en við munum aldrei gefast upp fyrr en ráðist verður í þessar úrbætur.“

Fyrrverandi þegnar Rússlands nú búsettir í Úkraínu hafa lýst yfir andstöðu við stjórnarskiptin í Úkraínu og finna Virðuleikabyltingunni allt til foráttu. „Rússnesk yfir-

völd hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur til að skemma fyrir samstarfinu við Evrópusambandið. Það eru fjölmargar ástæður fyrir því, en aðalástæðan er sú að Pútín getur ekki hugsað sér að þegnar sínir sjái hvernig Úkraína mun dafna í samstarfinu og njóta sambærilegra forréttinda og aðrar þjóðir innan Evrópusambandsins. Pútín óttast að þá muni þjóðin snúast gegn honum, hætta að trúa bullinu í honum, og steypa honum af valdastóli,“ segir Sviatoslav.

Forsetahöll Janúkovitsj hefur verið opnuð almenningi, eftir að forsetanum var steypt af stóli. Smekklús íburðurinn

í höllinni hefur gert marga orðlausa. „Ég er búinn að skoða forsetahöllina. Hún ber smekkleysi forsetans mikinn vitnisburð, og hvernig margur verður af aurum api. Peningar og völd voru það eina sem skiptu hann máli.”

Hvekket en bjartsýn þjóð

Sviatoslav segir bjartsýni gæta á meðal úkraínsku þjóðarinnar. „Hættulegasti tíminn er nú liðinn, og sá erfiðasti fram undan. Hvernig við byggjum upp nýja þjóð og gætum þess að vera ekki svikin eins og hefur gerst svo oft áður. Reynsla síðustu 23 byltingarára sýnir að fyrrverandi og núverandi kommúnistar, studdir af KGB, eru mesta vandamálið. Við erum bjartsýn en gerum okkur grein fyrir því að baráttan er rétt að byrja.“

Eins og fram hefur komið eru að eins liðin nokkur ár frá appelsínugulu byltingunni í Úkraínu, þar sem Janúkovitsj var fyrst steypt af stóli. Telur Sviatoslav að nú muni hlutir fyrir alvöru breytast fyrir land og þjóð?

„Við höfum haft þrjár byltingar á síðustu 23 árum. Þá fyrstu árið 1991, hina svokölluðu ókláruðu byltingu, þar sem kommúnistarnir komust aftur til valda með hjálp

glæpamanna. Appelsínugulu byltinguna árið 2004, hina svokölluðu sviknu byltingu, þar sem Júsjenkó, sem tók við valdataumunum af Janúkovitsj, sveik það sem hann hafði lofað. En Virðuleikabyltingin hófst einmitt sama dag og sú appelsínugula nokkrum árum áður, 21. nóvember. Við trúum að byltingin núna muni loksins færa okkur mannsæmandi líf í heimalandi okkar. Við erum reynslunni ríkari og það mun hjálpa okkur að stuðla að velmegun í Úkraínu fyrir fólkið okkar. En það er mikil vinna fram undan.”



Frelsistorgið í björtu báli
Þúsundir mótmælenda samankomin á Frelsistorginu í Kænugarði 19. febrúar.

Réttarríkis- spjaldið

Þóra Hallgrímsdóttir skrifar um skilaboðin sem Geir Lippestad, lögmaður Anders Behring Breivik, talaði fyrir á fundi Lögmannafélags Íslands

Föstudaginn 14. febrúar síðastliðinn kom til landsins norsk lögmaðurinn Geir Lippestad, sem er einn af eigendum lögmannsstofunnar Advokatfirmaet Lippestad. Geir Lippestad er þekktur fyrir að hafa verið verjandi Anders Behring Breivik, sem ekki þarf að gera frekari grein fyrir eftir þau hræðilegu manndráp og hryðjuverk sem hann var dæmdur fyrir og áttu sér stað þann 22.júlí 2011. Á fundi sem Lögmannafélag Íslands stóð fyrir síðastliðinn föstudag sagði Lippestad frá þeirri ákvörðun sinni að verja slíkan sakborn-ing, en í Noregi eins og hér á landi er réttur manna til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómstólum talinn hluti af grundvallarréttindum hvers einstaklings í lýðræðisríki. Lippestad lagði áherslu á samfélagslegt hlutverk verjenda í sakamálum og lýsti því hvaða áhrif það hefði á verjenda að sinna slíku hlutverki þegar gæta þyrfti réttarhagsmuna



manns eins og Breivik. Fyrir áhugasama má einnig benda á bók sem gefin var út á árinu 2013 um verjandastörf Geirs Lippestad í umræddu máli.

Í Kastljósi hjá RÚV mánudaginn 17. febrúar síðastliðinn var síðan birt viðtal við Lippestad þar sem hann svaraði spurningum um þetta tiltekna mál og áhrif máls sem þessa á heilt samfélag sem og viðbrögð samfélagsins við því. Í viðtalinu lagði hann áherslu á að mikilvægt væri fyrir samfélag að ræða mannréttindi sem grundvallarréttindi til þess að leitast eftir því að vera sammála um hvaða skilning við setjum í þau hugtök sem þar koma fyrir.

Aðallega væri það til þess að við gætum treyst á þau grundvallarréttindi þegar syrfi að í samfélaginu. Það, að hans mati, er mikilvægt fyrir réttarríkið.

„Aðallega væri það til þess að við gætum treyst á þau grundvallarréttindi þegar syrfi að í samfélaginu.“

Hvað er réttarríki?

Við einfalda leit á internetinu má lesa sér til um grundvallarhugmyndir um réttarríkið í erindi dr. Oddnýjar Mjallar Arnardóttur,

prófessors við Háskóla Íslands, sem flutt var á fundi sem haldinn var í Háskólanum í Reykjavík í nóvember 2008, rétt eftir bankahrunið. Já, eða á ég kannski að segja hið svokallaða bankahrún í ljósi ályktunar stjórnar Lögmannafélags Íslands frá 23. júní 2009. Þessi ályktun birtist nokkrum mánuðum eftir umsögn laganefndar sama félags þar sem nefndin lýsti því að hætta væri á að grundvallarmannréttindum væri hætta búin vegna fyrirhugaðra laga um rannsóknarheimildir þeirra sem átti að fela rannsókn á hinu svokallaða bankahrúni. Það er ljóst að lögmannastéttin hafði snemma áhyggjur af réttarríkinu þegar kom að rannsókn á flóknum fjármálagerningum.

Frekari ályktanir

Í fjölmiðlum hafa síðastliðin misseri verið birtar fjölmargar blaðagreinar þar sem verjendur sakborninga í efnahagsbrotamálum lýsa miklum áhyggjum af því að skjólstæðingar

þeirra fá ekki réttláta málsmeðferð í sakamálum sem eru til rannsóknar eða komin fyrir íslenska dómstóla. Verjendurnir hafa einnig lýst þeim áhyggjum sínum að dómskerfið sé ekki í stakk búíð til að taka við flóknum málum sem þessum og sumir þeirra hafa ekki séð sér fært að sinna samfélagslegu hlutverki sínu sem verjendur vegna þess að þeir treysta ekki íslenskum dómstólum til að gæta grundvallarréttinda skjólstæðinga þeirra. Einnig hefur verið rætt um ætlaða þöggun fjölmiðla og ætlaða þögn fræðasamfélagsins í þessu samhengi. Þrátt fyrir ætlaða þöggun eða þögn hefur stjórn Lögmannafélagsins ályktað um þessi mál oft en nokkur mál, í það minnsta ef tekið er mið af heimasíðunni www.lmfi.is. Á heimasíðu félagsins fann ég tvær nýlegar ályktanir sem varða báðar niðurstöður dómstóla í sakamálum sem varða

„Já, eða á ég kannski að segja hið svokallaða bankahrunsí ljósi ályktunar stjórnar Lögmannafélags Íslands.“

efnahagsbrot sem tengjast hinu svokallaða bankahruni. Annars vegar frá því í júní 2013 varðandi framlagningu gagna. Hins vegar frá því fyrir í þessum mánuði varðandi samskipti verjanda við vitni og aðfinnslur héraðsdómara í svokölluðu Al-Thani máli vegna þess, en áður hefur verið fjallað um það mál á heimasíðu Kjarnans. Tengill á umfjöllun Kjarnans: <http://kjarninn.is/stjorn-logmannafelagsins-alyktar-i-al-thani-mali> Í ljósi þessa hugsaði ég að fyrst við værum

svona illa stödd hlyti stjórn Lögmannafélagsins einnig að hafa ályktað oft um grunnstoðir réttarríkisins á undanförnum árum í hinum ýmsu sakamálum.

Ég fann ekki eina einustu ályktun um önnur mál.

Staðan í réttarríkinu Íslandi

Hinn 15. febrúar síðastliðinn birtist frétt á vef Morgunblaðsins um fyrrnefndan fyrirlestur Geirs Lippestad. Í þessari frétt vakti athygli mína að sagt var frá því að að formaður Lögmannafélags Íslands hefði haldið stutta tölu áður en fyrirlesturinn byrjaði þar sem hann benti á að líkindi með máli Breiviks mætti finna í íslensku samfélagi þar sem einnig

væri þrýst á um sakfellingu í málum tengdum bankahruni, bæði úr fjölmiðlum og meðal almennings. Á einum mest lesna fréttamiðli landsins var sem sagt haft eftir formanni Lögmannafélags Íslands að líkindi væru annars vegar milli þeirra fjölmörgu sakamála sem tengjast efnahagsbrotum vegna hins svokallað bankahruns og þeirra aðstæðna þegar hryðjuverkamaðurinn Breivik drap 69 manneskjur og slasaði 66 á einum degi í júlí 2011.

Í alvöru.

Ályktun mín

Í meðferð þeirra efnahagsbrotamála sem komið hafa upp í kjölfar hruns íslenskra banka á árinu 2008 er áberandi hvað verjendur sakborninga hafa skrifað margar greinar í fjölmiðla um meðferð þeirra mála og réttindi sakborninga sem þeir telja ekki gætt nægilega vel hjá rannsóknaraðilum eða dómstólum. Það fær mig til að hugsa hvers vegna í ósköpunum það kemur bara fram í sakamálum sem kennd eru við efnahagsbrot en ekki varðandi nokkur önnur sakamál. Hvers vegna ætli dómstólar geti ekki leyst úr sekt eða sakleysi þeirra sem sakaðir eru um flókin efnahagsbrot, þegar sömu dómstólar dæma í fjölda sakamála ár hvert án háværra athugasemda lögmannna eða ályktana stjórnar Lögmannafélags Íslands um meðferð slíkra mála? Hvers vegna er réttarríkisspjaldið nær eingöngu á lofti þegar kemur að þessum málum?

Þeir sem ég vísa til hafa fært rök fyrir máli sínu í greinum og viðtölum. Gott og vel. Ég vil trúa því að íslenskir dómstólar standist þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Þeir virðast gera það í öðrum sakamálum. Það hjálpar hins vegar ekki umræðunni að bera aðstæður í samfélagi sem þarf að takast á við fordæmalaus fjöldamorð og hryðjuverk saman við aðstæður þar sem þarf að takast á við við flókna fjármálagerninga. Það hefur frekar tilhneigingu til að afvegaleiða hana.

Gjaldtaka sókna vegna kirkjuvörslu

Þorvaldur Víðisson biskupsritari um umfjöllun Kjarnans um gjaldtöku sem innanríkisráðuneytið telur ólögmeða

Ádögunum féll dómur í máli sem Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma höfðuð gegn útfararþjónustu í Reykjavík vegna innheimtu á gjaldi fyrir kirkjuvörslu og þrif við útfarir. Það var niðurstaða Hæstaréttar að kirkjugarðarnir gætu ekki krafist þess af útfararþjónustunni að hún innheimti gjald vegna kirkjuvörslu eða þrifa heldur yrðu þeir að innheimta það sjálfir: „Ef kostnaður hlýst af aðstöðu fyrir kistulagningabæninir eða útför fellur hann að réttu lagi á dánarbú viðkomandi eða þá aðstandendur sem að athöfn standa.“

Sóknir þjóðkirkjunnar eru sjálfstæðar fjárhagslegar og félagslegar einingar. Það kemur fram í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Það er því ekki hægt að líta á þær sem opinberar stofnanir sem þurfi að hafa lagaheimild til að rukka fyrir þá þjónustu sem er veitt



innan vébanda hvernar sóknar. Innanríkisráðuneytið hefur gert athugasemd við að rukkað sé fyrir þjónustu kirkjuvarða og ræstítækna í tengslum við athafnir en gerir ekki athugasemdir við að rukkað sé fyrir þjónustu annars starfsfólks sóknanna, s.s. organista eða söngfólks.

**„Í hinum Norðurlanda-
ríkjunum er það svo
að meðlimir kirkju-
unnar eiga rétt á
þjónustu kirkjunnar,
en þeir sem standa
utan kirkjunnar
verða að greiða sér-
staklega fyrir hana,
og getur gjaldið
verið verulegt.“**

Ástæðan kann að vera sú að ruglað sé saman prestum sem eru, vegna samnings ríkis og kirkju, opinberir embættismenn og starfa fyrir þjóðkirkjuna, og starfsfólki sóknanna sem eru ekki opinberir starfsmenn. Brýnt er að skýra þetta þannig að enginn velkist í vafa um sjálfstæði sóknanna og þjóðkirkjunnar, enda er þjóðkirkjan ekki ríkisstofnun og því síður eru sóknirnar það.

Í Kjarnanum sem kom út 20. febrúar sl. líkti Ægir Þór Eysteinnsson gjaldtöku vegna kirkjuvörslu við vasabjófnað. Það er ósmekkleik líking sem dæmir sig sjálf.

Þjóðkirkjan þjónar öllum

Þjóðkirkjan á Íslandi þjónar öllum sem til hennar leita. Ekki er gerður greinarmunur á meðlimum og þeim sem ekki eru meðlimir. Þar sem sóknir innheimta gjald vegna kirkjuvörslu við útfarir er ekki spurt um félagsskírteini; sama gjald er innheimt af öllum.

Í hinum Norðurlandarríkjunum er það svo að meðlimir kirkjunnar eiga rétt á þjónustu kirkjunnar, en þeir sem standa utan kirkjunnar verða að greiða sérstaklega fyrir hana, og getur gjaldið verið verulegt. Sóknargjöldin eru í þeim löndum skilgreind á þennan máta að þau tryggja meðlimunum ákveðna þjónustu, án þess að þeir þurfi að greiða sérstaklega fyrir hana. Kannski verður það framtíðin á Íslandi líka.



Þetta er persónulegt

Lína Petra Þórarinsdóttir skrifar um viðræður Íslands
við Evrópusambandið

Aldrei hefur mér ókunnugt fólk vegið að mér með jafn alvarlegum hætti og sitjandi ríkisstjórn gerir nú. Þú hváir ef til vill og telur að hér fari „öfga“ ESB-sinni fram með offorsi, en nei, hér situr bara ósköp venjulegur Íslendingur sem veit að matvöruverð mun halda áfram að hækka og að hann er heppinn ef húsnæðislánið endurgreiðist ekki nema fimm til sex sinnum áður en kofinn verður loksins hans.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru nefnilega ekki bara einhver stjórnmálaleg ákvörðun sem eðlilegt er að flokkar sem ekki vilja ESB-aðild taki. Nei, þær eru persónuleg móðgun við kjósendur í landinu, persónuleg aðför að lýðræðislegum rétti þeirra og persónuleg aðför að hagsmunum þeirra. Þetta eru stór orð en ég skal gjarnan rökstyðja þau.

Þær eru persónuleg móðgun við vitsmuni kjósenda því



skýringarnar sem boðið er upp á eru með þeim hætti að ekki virðist vera gert ráð fyrir að þeir hafi yfir sérstökum vitsmunum að ráða eða hæfileika til að afla sér upplýsinga og taka upplýsta ákvörðun um hagsmuni sína. Engin nauðsyn er á að fara út í svo afgerandi aðgerðir og loka á möguleika Íslands til framtíðar. Kjósendum er hins vegar sagt að „heiðarlegra“ sé að fara fram með þessum hætti en að halda

„Hvað ætla stjórnvöld að gera við t.a.m. fjórfrelsisákvæði EES-samningsins, sem meðal annars kveður á um frjálst flæði fjármagns, þegar umsóknarferlinu við ESB verður slitið?“

áfram að draga 28 þjóðir á asnaeyrunum, sem enginn Íslendingur er að biðja um að sé gert. Einungis er farið fram á að fólk sem var til þess kosið standi við gefin loforð og vinni að hagsmunum þjóðarinnar. Það er ekki mikill ráðamaður sem ekki treystir sér út í samningaviðræður því að öllum líkindum verði „dillinn“ ekki góður! Góður og lýðræðislega sinnaður ráðamaður myndi senda bestu samningamenn sem völ er á til að ná fram sem bestum samningi Íslandi til handa og leggja hann svo í dóm þjóðarinnar.

Kjósendum er ekki heldur sýnd sú virðing að vera sagt „hvað þá?“ Hvað ætla stjórnvöld að gera við t.a.m. fjórfrelsisákvæði EES-samningsins, sem meðal annars kveður á um frjálst flæði fjármagns, þegar umsóknarferlinu við ESB verður slitið? Því hefur ekki verið svarað og ég spyr hvort það er vegna þess að stjórnvöld treysti kjósendum ekki til að skilja ráðasnilld þeirra eða er það vegna þess að það er ekkert plan B?

Aðgerðirnar eru persónuleg aðför að lýðræðislegum rétti kjósenda til að taka sjálfir ákvarðanir um sín hagsmunamál. Með þessu á ekki að veita þeim færi á að kjósa um hvort þeir vilji klára viðræður við ESB og þar af leiðandi verður þeim ekki gefið færi á að kjósa um samning sem hefði getað verið til þess fallinn að bæta lífskjör þeirra verulega. Nú segir einhver að samningurinn hefði getað orðið vondur og aðför að frelsi okkar og sjálfstæði. Það má vel vera en í lýðræðisríki hefur þjóðin líka rétt á að kjósa um vonda samninga. Þeir

sem tala með þessum hætti treysta þjóðinni væntanlega ekki til að taka upplýsta ákvörðun um hagsmunamál sín. Mig undrar að flokkur á borð við Sjálfstæðisflokkinn sem kennir sig við frelsi einstaklingsins og atvinnulífsins telji rétt að fara fram með svo fordæmalausri forræðishyggju sem nú er gert. Hvorki einstaklingum né forystumönnum atvinnulífsins í þessu landi er, af þessu að dæma, treystandi til að þekkja og skilja sína eigin hagsmuni.

Þær eru persónuleg aðför að hagsmunum fólksins í landinu sem býr við lengri vinnudag, mun hærra vöruverð og óhagstæðari íbúðalánakjör en gengur og gerist í nágranna-

„Þær eru persónuleg móðgun við kjósendur í landinu, persónuleg aðför að lýðræðislegum rétti þeirra og persónuleg aðför að hagsmunum þeirra.“

löndum okkar. Ástæða þessa er lokaður markaður, ofurtollar og ónýtur gjaldmiðill. Með því að loka á aðildarviðræður við ESB er tekinn af okkur eini raunhæfi möguleikinn á að taka upp nýtan gjaldmiðil á næstu tíu árum eða svo. Með því fer einnig möguleikinn á að markaðurinn opnist og tollar lækki. Er það svo mikilvægt að Íslendingar fái ekki að sjá hvað stendur í hugsanlegum samning við ESB að það er á sig leggjandi að almenningur vinni lengri vinnudag fyrir mun lægri laun, dýrari matvöru og

óhagstæðari íbúðalán en nágrannar hans? Ég geri mér fulla grein fyrir því að innganga í ESB er engin töfralausn sem gerir allt betra daginn eftir að undirritun á sér stað. En hún er möguleiki, möguleiki á að taka upp traustari gjaldeyri sem bakkaður er upp af mun stærra hagkerfi, möguleiki á inngöngu inn á opnari markað með því frelsi sem því fylgir fyrir neytendur og möguleiki á að tollar og vörugjöld lækki fyrirtækjum og einstaklingum í landinu til handa. Um það eigum við rétt á að kjósa!

Að lokum vil ég segja að mér þykir það í raun ótrúlegt að fólk skuli vera komið á þann stað í lífinu að vera orðið þingmenn og ráðherrar og hafa ekki lært að fara fram með ábyrgari hætti og af meiri þroska og virðingu en þeir stjórnarliðar sem hafa farið hvað mestan í þessu máli eru nú

að sýna. Íslensku þjóðinni hefur verið sýnd vanvirðing og hroki sem ákaflega vont er að sitja undir frá sínum ráðamönnum og erlendum samstarfsaðilum okkar hefur verið sýndur fádæma dónaskapur, talað um þá af vanþekkingu og jafnvel sagt að þeir vilji okkur ekkert nema illt. Og til hvers? Ekki til neins því málatilbúningurinn er fullkomlega ónauðsynlegur. ESB er ekki að fara að innlima Ísland á morgun. Það var ekkert neyðarástand sem þurfti að bregðast við. Ríkisstjórnin og þeir þingmenn sem henni fylgja að málum hefði getað nálgast málið með allt öðrum og mun vandaðri hætti en kaus þess í stað að kasta skítabombu vanvirðingar út í íslenskt þjóðfélag og koma af stað klofningi hjá þjóð sem enn er í sárum eftir hið mikla hrun sem átti sér hér stað fyrir ekki nema tæpum sex árum síðan.



Lögreglan og samfélagsmiðlarnir

Stefán Eiríksson lögreglustjóri fjallar um hvernig lögreglan hefur tekið helstu samfélagsmiðlana í sína þágu

Þegar Harry Potter steig fram á sjónarviðið seint á síðustu öld var í fyrstu bókinni lýst framandi heimi töfra og galdramanna. Meðal þess sem gerði þennan heim framandi var dagblaðið Daily Prophet, eða Spádómstíðindi, sem lesið var af þeim sem réðu yfir náðargáfu galdursins. Þar voru fluttar fréttir með hefðbundnum hætti auk þess sem á síðum blaðsins birtust hreyfimyndir rétt eins og fyrir einhvern galdur. Þeir muggar sem lesa þessa grein á spjaldtölvu í vefritinu Kjarnanum kippa sér væntanlega lítið upp við þann galdur sem þar má sjá á hverri síðu við miðlun fréttar, greina og annarra upplýsinga, þó svo að þar virðist flest jafnvel komið fram úr því galdraverki sem lýst er í áðurnefndum ævintýrabókum.

Ég hef áður gert að umtalsefni hér á þessum vettvangi þær öru breytingar sem orðið hafa í fjölmiðlun á síðustu árum. Byltingu síðustu tíu ára á því sviði má auk

tækninýjunga einna helst rekja til samfélagsmiðla. Þeir verða sífellt stærri hluti af daglegu lífi fólks, ekki síst með tilkomu og útbreiðslu snjallsíma. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur með skipulögðum hætti reynt að tileinka sér þessa miðla, fyrst og fremst með það að markmiði að nýta þessa nýju miðla og nýju tækni til að vinna að því grundvallar-markmiði að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu með aukinni upplýsingamiðlun og gagnvirkum samskiptum við þá sem lögreglan á að sinna og þjóna.

En hvaða miðlar eru þetta og hvernig nýtast þeir lögreglunni? Í þessari grein er ætlunin að fara yfir það helsta sem lögreglan er að gera á sviði samfélagsmiðla og af hverju.

Facebook

Fyrstu skref lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á samfélagsmiðlum voru stigin á [Facebook](#). Notkun á þessum samfélagsmiðli átti sér nokkurn aðdraganda, enda var þarna verið að þreifa sig áfram á nýju sviði. Nokkur lögreglulið, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, höfðu þá þegar stigið fram á sjónarsviðið á þessum vettvangi og þóttu þau skref jafnvel þó nokkuð djörf fyrir stofnun eins og lögregluna, sem hefur á sér yfirbragð íhaldssemi og fyrirsjáanleika. Að sama skapi hefur lögreglan þörf fyrir það að vera í góðum tengslum við fólk, en bæði til þess að miðla og taka við upplýsingum og vegna umtalsverðrar notkunar fólks á þessum samfélagsmiðli var kominn nýr vettvangur fyrir lögregluna líkt og aðra til að hasla sér völl. Síða lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á Facebook sló strax í gegn og er fram á þennan dag mikilvægasti samfélagsmiðillinn fyrir lögregluna vegna þess hve margir Íslendingar nota Facebook. Í dag fylgjast ríflega 47 þúsund manns daglega með því sem lögreglan sendir þar frá sér og útbreiðslan er enn meiri þegar mikilvæg skilaboð eða upplýsingar koma frá lögreglunni. Nefna má sem dæmi að á einum sólarhring sá tæplega helmingur Íslendinga skilaboð og myndband sem lögreglan sendi frá sér vegna rannsóknar á neyðarkalli og þegar mikið hefur verið um að vera, eins og

í tengslum við óveður sem gekk yfir höfuborgarsvæðið fyrir tæpu ári, fylgdust riflega tveir þriðju hlutar landsmanna með því sem frá lögreglunni kom í gegnum samfélagsmiðla.

Facebook er notuð í margvíslegum tilgangi af hálfu

„Fyrstu skref
lögreglunnar á
höfuðborgar-
svæðinu á
samfélags-
miðlum voru
stigin á Facebook.
Notkun á þessum
samfélagsmiðli
átti sér nokkurn
aðdraganda, enda
var þarna verið að
þreifa sig áfram
á nýju sviði.“

lögreglu. Þar er upplýsingum miðlað um helstu verkefni lögreglu og komið á framfæri leiðbeiningum og viðvörðunum ef því er að skipta, svo það helsta sé nefnt. Mikilvægi miðilsins liggur ekki síst í því að þar eru samskipti gagnvirk; lögreglan fær strax viðbrögð frá almenningi við þeim skilaboðum sem hún kemur áleiðis auk þess sem fólk er duglegt við að setja þar inn skilaboð, ábendingar, tillögur um áhersluatriði, skammir og hrós. Fólk á þess einnig kost að senda þeim sem halda utan um síðuna fyrir hönd lögreglunnar einkaskilaboð, þ.e. pósta sem aðrir notendur á Facebook sjá ekki. Í hverjum mánuði berast lögreglunni mörg hundruð slík skilaboð. Þau eru einnig af öllum gerðum og hafa m.a. í nokkrum tilvikum upplýst mál sem til rannsóknar voru hjá lögreglu. Í könnun sem gerð er árlega af hálfu lögreglunnar um sýnileika lögreglu,

störf hennar, aðgengileika og fleira kom fram að á síðasta ári notaði fólk samfélagsmiðla í um helmingi tilvika þegar það hafði samband við lögreglu.

Twitter

Notkun á Twitter hófst hjá lögreglunni á svipuðum tíma og notkun Facebook. Twitter á enn langt í land með að ná vinsældum Facebook hér á landi og hefur notkunin einkum verið bundin við ákveðna hópa. Knattspyrnuáhugamenn eru þar á meðal og það hefur skapað tækifæri fyrir lögregluna til þess að ná til þess hóps sérstaklega. Twitter hefur m.a. verið notaður til þess að koma skilaboðum til þessa hóps, einkum í tengslum við landsleiki á Laugardagsvelli. Þar skapaðist

gjarnan vandræðaástand vegna ökutækja sem lagt var ólöglega. Með því að senda út skilaboð á twitter með merkjum á borð við #fótbolti eða #landsleikur þar sem áhorfendur voru hvattir til að leggja löglega náðist undraverður árangur á því sviði.

Twitter hentar vel til þess að koma á framfæri stuttum og hnitmiðuðum skilaboðum, ekki síst ef þau skilaboð tengjast viðburðum sem mikið eru til umræðu á samfélagsmiðlinum. Sú aðferð að #merkja viðkomandi skilaboð með ákveðnum hætti eykur einnig líkurnar á því að þeir sem eru að fylgjast með umræddu merki fái skilaboðin til sín. Þessi aðferð virkar einnig á öðrum samfélagsmiðlum á borð við Instagram.

Youtube

Hreyfimyndavefurinn Youtube býður upp á margvíslega möguleika til að miðla myndböndum með einföldum og aðgengilegum hætti. Til þessa hefur vefur lögreglunnar á youtube einkum innihaldið auglýsingar og fræðsluefni á sviði umferðarmála frá Samgöngustofu, áður Umferðarstofu. Einfalt er að miðla þessu efni þegar þörf eða ástæða er til í gegnum aðra samfélagsmiðla og án efa verða þeir möguleikar sem þarna liggja betur nýttir í framtíðinni. Dæmi um frábæra notkun á þessum samfélagsmiðli er verkefnið SignWiki, sem er verkefni á vegum Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra sem tryggir aðgang að íslenskri táknmálsorðabók á netinu, sem og kennsluefni, æfingum og fræðsluefni.

Instagram

Myndavefurinn Instagram býður upp á miðlun mynda og stuttra textaskilaboða. Hann nýtur nokkurra vinsælda hér á landi, ekki síst á meðal yngra fólks. Lögreglan hefur um nokkurt skeið notað þennan miðli til að senda út myndir sem einkum tengjast daglegum störfum lögreglunnar á flestum sviðum. Þá er þetta tilvalin leið til þess að senda út myndir sem tengjast áhersluatriðum hverju sinni, t.d. í umferðinni, og minna fólk á þær reglur sem gilda á ýmsum sviðum.

Flickr

Flickr er myndavefur sem býður upp á möguleika til að geyma og miðla mörgum myndum með ýmsum hætti. Lögreglan hefur einkum notað þennan vef til þess að miðla eldri myndum úr safni lögreglunnar, en það safn er stórt og mikið að vöxtum og hefur til þessa verið lítt aðgengilegt almenningi eða starfsmönnum lögreglu. Á þessum myndum er saga lögreglunnar síðustu hundrað ár eða svo varðveitt. Á sama tíma og mikilvægt er að fylgjast með tækninýjungum og nota nýjustu aðferðir, tæki og tól, til samskipta og upplýsingamiðlunar er mikilvægt að halda góðum tengslum við fortíðina og söguna, sýna því góða starfi sem unnið hefur verið í lögreglunni á liðnum árum tilhlýðilega virðingu og nýta áfram það sem vel hefur verið gert. Miðlun mynda til almennings er liður í því.

Pinterest

Fyrsti pistillinn sem ég skrifaði í Kjarnann fjallaði um þörfina á því að uppfæra reglur sem gilda um meðferð óskilamuna. Umræddar reglur eru heldur betur komnar til ára sinna enda að stofni til settar fyrir frönsku byltinguna. Þær gera m.a. ráð fyrir því að geyma þurfi óskilamuni í heilt ár áður en þeim er ráðstafað en þá er heimilt að selja þá á uppboði sem auglýsa má í blöðum eða með bumbuslætti þar sem þeim er ekki til að dreifa. Meðan enn er beðið eftir því að reglurnar verði uppfærðar hefur samfélagsmiðillinn Pinterest verið tekinn til handargagns í þeim tilgangi að miðla upplýsingum um þá óskilamuni sem rata til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Allt er þetta gert í þeim tilgangi að auka líkurnar á því að umræddir munir komist til eigenda sinna. Þetta framtak hefur til þessa ekki verið auglýst víða en frá og með síðustu áramótum hafa myndir og nánari upplýsingar um alla óskilamuni sem okkur berast verið settar þarna inn, skipt í nokkra flokka. Reynslan á þessum stutta tíma bendir til þess að mun betur gangi en áður að koma óskilamunum til skila, ekki síst eigendum þeirra til mikillar ánægju.

Livestream

Á Livestream-vefnum er boðið upp á að senda út efni í beinni útsendingu á netinu, auk þess sem upptökur af slíku efni eru þar sömuleiðis aðgengilegar. Lögreglan hefur einkum nýtt sér þetta til að senda út fundi sem haldnir eru í einstaka sveitarfélögum og hverfum á höfuðborgarsvæðinu, til að tryggja að fleiri eigi þess kost að fylgjast með því sem þar er í gangi. Jafnframt hefur þetta verið nýtt einu sinni fyrir almennt netspjall undirritaðs, þar sem farið var yfir stöðu mála og horfur og spurningum svarað frá þeim sem fylgdust með.

Aðrir samfélagsmiðlar og fleira

Samfélagsmiðlarnar sem til eru eru mun fleiri en þeir sem lögreglan hefur verið að nota undanfarin ár. Meðal vinsælustu miðla hér á landi má nefna Snapchat og Vine, en tveimur erlendum unglingspiltum sem notið hafa mikilla vinsælda á síðarnefnda miðlinum tókst að draga umtalsverðan fjölda ungmenna í verslunarmiðstöð á höfuðborgarsvæðinu með litlum fyrirvara fyrir stuttu. Ekki er hægt að útiloka að þessir vinsælu miðlar gætu hentað lögreglunni með einhverjum hætti en þeir hafa þó ekki formlega verið teknir í notkun af henni, hvað sem síðar verður.

Um nokkurt skeið hefur verið í vinnslu sérstakt löggúapp sem aðgengilegt verður fyrir allar helstu tegundir snjallsíma og spjaldbólva fljótlega. Markmiðið með því er að draga saman á einn stað alla virkni lögreglunnar á samfélagsmiðlum, auk þess sem mögulegt verður að taka þar við áriðandi skilaboðum frá lögreglunni. Er þetta einn liðurinn í því að nýta áfram galdra samfélagsmiðlanna og auka enn frekar upplýsingamiðlun og gagnvirk samskipti lögreglunnar við þá sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu. Allt miðar þetta að því grundvallarmarkmiði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa á svæðinu.

Er túrmerik töfrajurt?

Ekkert krydd er jafn vinsælt til rannsókna í heiminum í dag og túrmerik. Það er notað gegn ótrúlega mörgum kvillum.

LÍFSSTÍLL

Anna Rósa
grasalæknir
www.annarosa.is



Deildu með
umheiminum

Það má til sanns vegar færa að túrmerik (*Curcuma longa*) sé töfrajurt, en notkun þess sem krydd- og lækningajurtar er margra alda gömul bæði á Indlandi og í Kína. Túrmerik þykir hafa óvenju fjölbreyttan lækningamátt, en undanfarna áratugi hafa margar vísindarannsóknir staðfest hefðbundna notkun þess til lækninga. Ekkert krydd er jafn vinsælt til rannsókna í heiminum í dag, en túrmerik inniheldur virka efnið curcumin sem hefur sterk bólgueyðandi og andoxandi áhrif. Túrmerik hefur hefðbundið verið notað fyrir eftirfarandi kvilla:

- liða-, slit og þvagsýrugigt, liðverkir
- magabólga, magasár, vindverkir, ristilkrampi, sáraristill, offita, gallsteinar, lifrabólga, ógleði
- hár blóðþrýstingur, hátt kólesteról, lélegt blóðflæði, gyllinæð, æðahnútar
- hósti, hálsbólga, kvef, flensa, astmi, bronkítis
- alzheimers, þunglyndi
- sár, bólur, exem og sóríasis
- áunnin sykursýki
- tíðaverkir, fyrirtíðaspenna, óreglulegar blæðingar, slímhimnuflakk, góðkynja æxli, útferð
- krabbamein

TÚRMERIKMAUK

- 1 dl lífrænt túrmerikduft
- 1 tsk. svartur pipar mulinn
- 1 tsk. ceylon-kanill
- ½ tsk. engifer
- 2 dl vatn

- 1 Blandið kryddi saman og setjið ásamt vatni í skaftpott án loks. Sjóðið þar til er orðið að þykku mauki en það tekur skamma stund. Kælið og setjið í glerkrukku og geymið í ísskáp. Geymist 1-2 mánuði í ísskáp. Þetta mauk er síðan notað til að gera túrmerikmjólk eftir þörfum, en eins er tilvalið að nota það í matargerð t.d í kjöt- og fiskrétti.

TÚRMERIKMJÓLK

- 1-2 tsk. túrmerikmauk
- 1 tsk. lífræn ólifuolía
- 2 dl hrísmjólk eða möndlumjólk
- 1 tsk. hunang eða stevia eftir smekk

- 1 Setjið öll hráefni í blandara og blandið þar til froðukennt. Drekkið 1-2 glös á dag.

Rannsóknir á túrmerik hafa einnig sýnt að upptaka á virka efninu curcumin í meltingarvegi eykst margfalt ef svartur pipar (virka efnið piperine) er tekinn samhliða og eins eykur fita upptöku túrmeriks. Á Indlandi er einmitt hefðbundið að nota bæði túrmerik og pipar saman í matargerð, en túrmerik gefur gula litinn í karríblöndum. Þar er einnig venja að blanda túrmerik saman við kúamjólk og drekka, ýmist sem kaldan eða heitan drykk.

Rannsóknir á túrmerik

Flestar rannsóknir á túrmerik eru gerðar á einangraða efninu curcumin, en yfir 2.700 rannsóknir hafa verið gerðar á túrmerik undanfarna áratugi. Þegar skoðaðar eru klínískar rannsóknir á túrmerik kemur ýmislegt áhugavert í ljós. Klínísk rannsókn á 50 manns með langvinnt hvítblæði (CML) leiddi í ljós að þeir sem var gefið túrmerik ásamt krabbameinslyfjum sýndu meiri árangur en þeir sem eingöngu fengu krabbameinslyf. Niðurstöður rannsóknar á 33 manns með góðkynja stækkun blöðruhálskirtils sýndu að þeir sem fengu túrmerik samhliða annari læknismeðferð náðu



umtalsvert betri árangri en þeir sem ekki fengu túrmerik. Klínísk rannsókn á 107 manns með slitgigt í hnjám sýndi að túrmerik var jafn áhrifaríkt og hefðbundið verkjalyf.

Önnur rannsókn á 120 manns með slitgigt í hnjám leiddi í ljós að túrmerik hafði jákvæð áhrif þrátt fyrir að búið væri að fjarlægja virka efnið curcumin. Rannsóknir á fólki með áunna



sykursýki leiddi í ljós jákvæð áhrif túrmeriks við smáæðakvillum og nýrnasjúkdómum tengdum sykursýki. Klínískar rannsókn á túrmerik hafa einnig sýnt jákvæða verkun þess á magabólgu og meltingartruflanir. Rannsókn á þremur sjúklingum með alzheimer-sjúkdóminn sýndi mikla framför þeirra við inntöku

á túrmerik í þrjá mánuði. Allar ofangreindar rannsóknir hafa verið klínískar þ.e. gerðar á mönnum, en þar að auki hafa verið gerðar ótalmargar rannsóknir á áhrifum túrmeriks í tilraunaglösum og á dýrum. Þessar rannsóknir hafa meðal annars leitt í ljós að túrmerik eða curcumin getur lækkað blóðsykur, kólesteról og blóðþrýsting ásamt því að hafa andoxandi áhrif og jákvæð áhrif á þunglyndi, astma, parkinson, hjarta- og æðasjúkdóma, svæðisgarnabólgu, sáraristil, slímseigjusjúkdóma, augnsjúkdóma, gallsjúkdóma og offitu. Síðast en ekki síst hafa yfir 1.000 rannsóknir sýnt að túrmerik hefur hamlandi áhrif á vöxt krabbameinsfrumna.

Skammtar

Túrmerikduft 1-4 g á dag. Túrmerikmauk (sjá uppskrift) 1-2 tsk. einu sinni til tvisvar á dag. Túrmerikhylki (curcumin 95%) 350 mg tvisvar á dag. Túrmerikhylki sem fást í heilsu-búðum og apótekum eru annaðhvort hreint túrmerikduft eða stöðluð túrmerikhylki þar sem curcumin er allt að 95% styrkleika. Að auki er stundum búið að bæta við svörtum pipar (piperine) sem eykur upptöku túrmeriks. Notist að vild í matargerð en í litlum skömmtum á meðgöngu. Rannsóknir hafa sýnt að fólk þolir allt að 8 g af túrmerikdufti á dag án aukaverkana.

Varúð

Stórir skammtar af einangraða efninu curcumin teknir til langs tíma geta ert magaslímhúð og valdið bólgum eða sárum. Stórir skammtar af túrmerikdufti eða stöðluðum túrmerikhylkjum eru ekki ráðlagðir ef kona á við ófrjósemi að stríða. Mjög stórir skammtar af túrmerik geta valdið ógleði og niðurgangi. Ekki er mælt með því að taka stóra skammta af túrmerik samhliða blóðþynningslyfjum. Þekkt er að túrmerik getur valdið ertingu í húð hjá þeim sem eru í mikilli snertingu við það.

HEIMILDASKRÁ

- Akazawa N, Choi Y, Miyaki A, et al. Curcumin ingestion and exercise training improve vascular endothelial function in postmenopausal women. *Nutr Res.* 2012 Oct;32(10):795-9.
- Appendino G, Belcaro G, et al. Potential role of curcumin phytosome (Meriva) in controlling the evolution of diabetic microangiopathy. A pilot study. *Panminerva Med.* 2011 Sep;53(3 Suppl 1):43-9.
- Biswas J, Sinha D, et al. Curcumin protects DNA damage in a chronically arsenic-exposed population of West Bengal. *Hum Exp Toxicol.* 2010 Jun;29(6):513-24.
- Botanical Safety Handbook. 2013. AHPA (American Herbal Products Association). 2. útg. CRC Press, Florida, USA.
- Cheng AL, Hsu CH, et al. Phase I clinical trial of curcumin, a chemopreventive agent, in patients with high-risk or pre-malignant lesions. *Anticancer Res.* 2001 Jul-Aug;21(4B):2895-900.
- Di Mario F, Cavallaro LG, et al. A curcumin-based 1-week triple therapy for eradication of *Helicobacter pylori* infection: something to learn from failure? *Helicobacter.* 2007 Jun;12(3):238-43.
- Ghalaut VS, Sangwan L, et al. Effect of imatinib therapy with and without turmeric powder on nitric oxide levels in chronic myeloid leukemia. *J Oncol Pharm Pract.* 2012 Jun;18(2):186-90.
- Gupta SC, Patchva S, Aggarwal BB. Therapeutic roles of curcumin: lessons learned from clinical trials. *AAPS J.* 2013 Jan;15(1):195-218.
- Khajehdehi P, Pakfetrat M, et al. Oral supplementation of turmeric attenuates proteinuria, transforming growth factor- and interleukin-8 levels in patients with overt type 2 diabetic nephropathy: a randomized, double-blind and placebo-controlled study. *Scand J Urol Nephrol.* 2011 Nov;45(5):365-70.
- Kuptniratsaikul V, Thanakhumtorn S, et al. Efficacy and safety of *Curcuma domestica* extracts in patients with knee osteoarthritis. *J Altern Complement Med.* 2009 Aug;15(8):891-7.
- Lopresti AL, Hood SD, Drummond PD. Multiple antidepressant potential modes of action of curcumin: a review of its anti-inflammatory, monoaminergic, antioxidant, immune-modulating and neuroprotective effects. *J Psychopharmacol.* 2012 Dec;26(12):1512-24.
- Madhu K, Chanda K, Saji MJ. Safety and efficacy of *Curcuma longa* extract in the treatment of painful knee osteoarthritis: a randomized placebo-controlled trial. *Inflammopharmacology.* 2013 Apr;21(2):129-36.
- Nozomi Hishikawa, Yoriko Takahashi, et al. Effects of turmeric on Alzheimer's disease with behavioral and psychological symptoms of dementia. *Ayu.* 2012 Oct-Dec; 33(4): 499-504.

APPIG

Stígur Helgason
Verðlaunablaðamaður og
QuizUp-starfsmaður

„Ég er með LG G2“



QUIZUP

En ekki
hvað? Þetta
er auðvitað

staðalbúnaður. Ég er
með prufuútgáfuna
fyrir Android-síma og á
yfirsýningu við að þefa
uppi gallana svo að það
sé hægt að koma þessu
út sem fyrst.



SOUND- HOUND

Mjög
mikilvægt.

Var að keyra um daginn
og heyrði glatað lag í
útvarpinu með mjóróma
rappara sem ég kom ekki
fyrir mig. Soundhound
sagði mér að það væri
Chingy. Vá hvað hann er
leiðinlegur.



JÁ NÚNA


Þetta
er mjög
aggressíft

nafn á appi, sem mér
finnst skemmtilegt út
af fyrir sig. Svo er líka
algjör nauðsyn að hafa
eitt hvað svona til að geta
„screenað“ öll óþægilegu
símtölin.

TÆKNI Nokia X sameinar Android og Windows-símann

Þrátt fyrir að Microsoft, framleiðandi Windows-stýrikerfisins, sé að kaupa finnska farsíma-framleiðandann hefur hann haldið sínu striki og opinberaði þrjá nýja Android-síma á mánudaginn síðasta. Þeir heita X, X+ og XL. Þessarar línu hefur verið beðið með nokkurri eftirvæntingu síðan til hennar spurðist í desember síðastliðnum.

Ástæðan er einföld, það er verið að klína Windows-stýrikerfinu saman við Android.





Þeir sem ráða hverjir vinna Óskarinn

Kjarninn kryfur Óskarsakademíuna og herferðirnar
sem ráðist er í til að reyna að vinna styttuna

KVIKMYNDIR

Dröfn Ösp Snorradóttir-
Rozas

Ó

skarinn verður núna haldinn 2. mars og hefur þá verið haldinn áttatíu og sex sinnum og er elsta verðlaunahátíð í sínum flokki í heiminum. Akademían sjálf var stofnuð 11. maí árið 1927, tveimur árum á undan fyrstu Óskarsverðlaunahátíðinni. Louis B. Mayer, framkvæmdastjóri MGM-kvikmyndaversins, langaði ásamt þremur öðrum mikilvægum aðilum í geiranum að stofna formleg samtök með einvalaliði til að leysa launa- og verkafyrirséðilur meðal annars. Hugmyndin um að þessi samtök héldu síðan árlega verðlaunaafhendingu fyrir framúrskarandi vinnubrögð var

þá ekki komin á dagskrá. Aðallega áttu þessi samtök með 36 stofnmeðlimi að bæta ímynd kvikmyndageirans og voru stofngreinarinnar einugis fimm: leikarar, handritshöfundar, tæknimenn, framleiðendur og leikstjórar.

Það er óhætt að fullyrða að mikið sé breytt síðan og kannski ber helst að nefna að í dag vasast Akademían lítið sem ekkert í launa- og verkálýðsdeilum félaga sinna og hefur ekki gert lengi. Í byrjun var lagt upp með tólf verðlaun sem deilt var milli þessara fimm greina en í dag eru greinarnar orðnar 17 talsins og verðlaunaflokkarnir eru 24. Að auki eru sérleg Óskarsverðlaun haldin ár hvert fyrir tækninýjungar í kvikmyndaheiminum en ég mun ekki fjalla um þau hérna.

„Akademían hefur aldrei birt meðlimaskrá. Til að verða meðlimur eru tvær meginleiðir í boði; viðkomandi er boðið sérlega eða er tilnefndur.“

Fjöldi meðlima er rétt rúmlega 6.000 en það verður fátt um svör þegar Akademían hefur verið spurð um nákvæman fjölda. Sumir telja þessa launung vera af ásettu ráði til að tilnefningaferlið fari ekki illa sökum slúðurs, og Akademían hefur aldrei birt meðlimaskrá. Til að verða meðlimur eru tvær meginleiðir í boði; viðkomandi er boðið sérlega eða er tilnefndur.

Meðlimir innan Akademíunnar taka árlega fyrir hugsanlegt nýtt blóð og þegar þú ert meðlimur er það ævilangt. Fólki sem hefur ekki leikið í fjölda ára og jafnvel snúið bakinu við Hollywood og kvikmyndageiranum getur kosið og er atkvæði þess alveg jafn mikilvægt og hvers annars.

90 prósent leikarar

Dagblaðið Los Angeles Times gerði ítarlega rannsókn árið 2012 sem varpaði skýru ljósi á Akademíuna. Í dag er meirihluti meðlima leikarar, um 5.100 af þessum 6.000 meðlimum eða tæp 90 prósent, og niðurstöður þeirrar rannsóknar voru sláandi að mörgu leyti. Þegar litið var til einfaldra breyta eins og aldurs, kyns og kynþáttar er farin að renna heldur einsleit gríma yfir andlit Akademíunnar. Miðað við tölurnar sem LA Times fékk út er meirihluti meðlima hvítir karlmenn, eða um 90 prósent, og þar sem 43 aðilar sitja

MARGIR GRUNAÐIR UM AÐ HAFA KEYPT ÓSKAR

Mýmörg dæmi eru þar sem uppi er grunur um að Óskarin hafi hreinlega verið „keyptur“ og gekk lengi sú saga um Gwyneth Paltrow þegar hún vann sem besta leikkona fyrir Shakespeare in Love, en á sama ári var Cate Blanchett tilnefnd fyrir Elizabeth og sýndi stórleik. Önnur saga var að Michael Douglas hefði „keypt“ Óskar handa eiginkonunni Catherine Zeta Jones fyrir leik sinn í Chicago. Talið er að fólk í þeirra herbúðum hafi einfaldlega birt auglýsingar í fagtímaritum, hringt út í Akadémíumeðlimi, haldið party og gefið gjafir og út að borða til að tryggja sér atkvæðin. Að sama skapi vann Driving Miss Daisy Óskarin fyrir bestu mynd sama ár og Do the Right Thing var tilnefnd en þar kannski spilar einsleit samsetning Akadémíunar inn



í. Driving Miss Daisy verður seint talin álíka tímamótaverk og Do the Right Thing hans Spike Lee var en kannski er það bara mitt mat.

Smelltu til að horfa á myndband af því þegar Gwyneth Paltrow fékk Óskarin

Í efstu stöðum innan deilda eru sex af þeim konur. Það sem meira er; innan við 14 prósent eru yngri en 50 ára og meðalaldur þegar rannsóknin var gerð 2012 var 62 ár. Þannig er um að ræða hvíta gráhærða karla að mestu leyti og kannski er það þess vegna sem Akadémían hefur viljað halda félagatali sínu leyndu, enda fjölbreytileikann hvergi að finna innan þeirra veggja. Til að sýna lit var kona, Cheryl Boone Isaacs, kosin forseti í þriðja sinn í sögu Akadémíunnar í júlí 2013, en hún er fyrsta svarta konan til að sitja í þessu embætti.

Glamúrinn og glimmerið bak við silfurtjaldið og á rauðum dreglum fer að fölna þegar við förum síðan að skýra út pólitíkina og refsákirnar sem síðan eiga sér stað hvert ár fyrir tilnefningarnar og kosningarnar í kringum þær. Það að reyna að koma mynd áleiðis er ekkert ósvipað almennum þingkosningum. Fólk skipar sér í lið, slúðurhernaði og lágkúrubrögðum er beitt til að komast áfram og ekkert til sparað til að fá tilnefninguna og styttna. Það er að segja

„HVÍSHERFERÐIR“ TIL AÐ EYÐILEGGJA

Sögusagnir, umfjöllun og klappstýrur mynda ná stundum að fá atkvæði fólks sem hefur ekki lítið augum á þær. Þá er lítið annað en pólitík og mágæsingur sem veldur því að sum verðlaun eru veitt fyrir mynd sem kjósendur sáu ekki og dregur væntanlega úr gildi þeirra um leið að manni finnst. Það er ekkert slys að „hvíslerferð“ sé nú í fullum

gangi um að Walt Disney hafi verið hliðhollur Hitler og karlrembusvín ásamt ásökunum í garð Woody Allen til að eyðileggja möguleika mynda þeirra.

ekkert er til sparað ef viðkomandi mynd á sterka bakhjarla eins og frægan leikstjóra, leikara eða kvikmyndaver sem getur eytt milljónum dollara í herferð. Minni myndir eiga því í vök að verjast þegar kemur að þessu og þurfa að nýta sér aðrar aðferðir eins og almenna umfjöllun og samfélagsmiðla og krossa putta um brautargengi. Þessar upplýsingar eyðileggja ef til vill væntingar og hugmyndir fólks um Óskarinn, þær gerðu það pínulítið fyrir mig. Ég hafði lengi vel þá draumórasýn að bestu myndir ársins kæmust að náttúrulega fyrir að vera framúrskarandi og svo væri kosið eftir kúnstarinnar reglum eftir að þessir dulufullu og flatteríis Akademíu-meðlimir hefðu horft á aragrúa mynda og tekið upplýsta ákvörðum með atkvæðum sínum. En það virðist ekki beint vera svo einfalt og það sorglegasta sem ég heyrði er að meginvandi Akademíunnar er að fá meðlimi til að raunverulega horfa á myndirnar til að byrja með.

Herferðirnar þaulskipulagðar

Leonardo DiCaprio lét hafa eftir sér í New York núna í desember 2013 að hann gæti ekki setið lengi í herferðarhádegisverði fyrir myndina sína *The Wolf of Wall Street*, þar sem hann væri á hraðferð til Washington DC til að sýna Obama Bandaríkjaforseta myndina. Slíkar setningar rata langt því frá óvart í blöðin og ýta undir umfjöllun og athygli. Hvíta húsið tók fyrir Lincoln hans Spielberg's í fyrra og var með formlega sýningu á henni, sem hjálpaði þeirri mynd svo sannarlega í Óskarsherferðinni sinni. Eftir þá sýningu lagði Hvíta húsið blátt bann við slíkum sýningum og fannst talsmönnum forsetaembættisins þeir vera notaðir sem peð á taflborði kvikmyndamógúla í Óskarskappinu. Engu að síður

ætlar Hvíta húsið núna í febrúar að lyfta þessu banni að hluta til og hafa formlega sýningu á Monuments Men, en hún er ekki tilnefnd til Óskarsins. Henni er hins vegar leikstýrt af George Clooney, sem meðal annars hefur haldið fjölmörg boð í Hollywood til fjáröflunar fyrir Obama og rakaði inn að minnsta kosti 15 milljón dollurum í kosningasjóðinn hans – þannig að þeir ná að klóra hvorum öðrum aðeins á bakið með þessari sýningu og Clooney fær fleiri til að kíkja í bíó.

Þannig hvað stendur eftir fyrir mig, áhorfandann og kvikmyndaunnandann? Er eitthvert glimmer eftir og skiptir Óskarinn þá einhverju máli fyrir mig fyrst þetta er allt saman gamlir, hvítir kallar og pólitík? Kannski hefði ég viljað fá að sitja í fávissunni og njóta þeirra áfram og hafa gaman af kjólunum og ræðunum. Ég mun líklega alltaf hafa gaman af Óskarnum og horfa og fyrir mitt leyti halda í glimmermyndina. Óskarinn skiptir máli fyrir erlendar sölutölur og getur breytt lífi leikara og allra sem koma að mynd um ókomna tíð. Hann skiptir máli varðandi hvaða myndir komast í framleiðslu á næsta ári, eins og í fyrra þegar dramatískri langloku eins og Lincoln gekk vel í miðasölu og á verðlaunahátíðum ýtir það undir að biðukollurnar í Hollywood opni veskið. Myndir sem eru dramatískar og drifnar áfram af handritshöfundum en ekki peningamönnum sem vilja bara myndir með vélmennum sem slást við víkinga í geimnum og gera síðan þrjár framhaldsmyndir af því sama og skemmtigarð því að það er búið að skipta út glimmerdöllunni út fyrir EBITDA í Hollywood.



Þekking bætir efnistök á vefnum

Vefakademía Hugsmiðjunnar er ætluð til að bæta vefinn og auka þekkingu þeirra sem stjórna íslenskum vefjum

MARKAÐSMÁL

Halla Kolbeinsdóttir
viðskiptastjóri
Hugsmiðjunnar

Haustið 2013 var Vefakademía Hugsmiðjunnar stofnuð. Hjá Hugsmiðjunni fundum við fyrir þörf á aukinni menntun í vefmálum; veraldarvefurinn er tiltölulega nýtt fyrirbæri og vefurinn nýr miðill. Við höfum lært margvísðustu árin um hvaða nálgun virkar og hver ekki, en einnig hefur tækninni fleygt þannig fram að það sem virkaði vel fyrir nokkrum árum er nú orðið úrelt.

Þegar eru til alls konar námskeið í vefsíðugerð en við vildum koma okkar nálgun í vefsíðugerð á framfæri og einnig bjóða upp á menntun sem hreinlega vantaði í flóruna.



Bakgrunnur Hugsmiðjunnar er í vefsíðugerð. Þar var byrjað á að þróa vefumsjónarkerfið Eplica árið 2001. Í dag rekur Hugsmiðjan um 500 vefsvæði og opnar nýja vefsíðu að jafnaði einu sinni í viku. Þar hefur einnig verið þróuð ákveðin þekking, tækni og hugsunarháttur sem stuðlar að því að vefirnir eru aðgengilegir fyrir blinda, sjónskerta og hreyfihamlaða, en einnig að vefurinn lagi sig að öllum skjá-stærðum. Það þótti því tímabært að miðla reynslunni og efla íslenskan vefiðnað. Því var Vefakademían sett á laggirnar.

Frá A til Ö

Vefakademíunámskeiðin eru margvísleg. Í janúar var farið í grunntækni vefviðmótsins, vefhönnun með tilliti til notandans og virgni vefja, og er eitt námskeið eftir á vorönn um smíði snjallvefja þar sem Már Örlygsson, stjórnandi vefforritunarviðs, fer í saumana á hönnunar- og forritunarferlinu fyrir notendaviðmót sem virka fyrir öll tæki og allar manneskjur.

„Rétt not á talningartólunum getur algjörlega breytt því efni sem fer inn á vefinn.“

En það er ekki nóg að hanna finan vef og setja í loftið; daglegur rekstur er mjög mikilvægur fyrir velgengni vefsvæða. Vefstjórinn er lykilmanneskja í þessu samhengi. Sá er oft ritstjóri vefsins, ber ábyrgð á almennu skipulagi og skrifar gjarnan texta á vefinn, en er fyrst og fremst ábyrgur fyrir því að vefurinn skili þeim afköstum sem fyrirtækið þarf.

Þetta er tiltölulega nýtt starf, margir sem gegna því hafa „óvart“ lent í starfinu vegna hæfileika á einhverjum af þessum sviðum. Það er talsvert ósamræmi í kröfum fyrirtækja og kunnáttu starfsmanna í starfinu. Til dæmis kunna ekki allir vefstjórar HTML-kóðun eða á Photoshop og svo framvegis.

„Til að líða vel í vefstjórastarfinu þarf starfið að vera vel skilgreint og vefstjóri að búa yfir nauðsynlegri þjálfun og færni,“ segir í fyrsta kafla Bókarinnar um vefinn sem Vefakademía Hugsmiðjunnar og Fúnksjón hyggjast gefa út. Bókinni er ætlað að vera handbók vefstjórans og hjálpa honum að skilja og gegna starfi sínu sem best.

Krefjandi starf

Starfsmaður í hefðbundinni verslun sér hvað viðskiptavinir hans skoða áður en þeir kaupa af honum en á vefnum getur það reynst erfiðara. Fólk á það til að vinna í tómarúmi ef heimsóknartölurnar eru ekki skoðaðar á gagnrýninn hátt.

Oftar en ekki er vefstjórn krefjandi og misskilið verkefni sem þarf að hlúa að. Starf vefstjórans á 180 mínútum er námskeið fyrir þá sem vilja fræðast betur um grunnstoðirnar í starfinu. Þá býður Vefakademían upp á kynningu á Google Analytics og Webmaster Tools-greiningarkerfunum í sérstöku námskeiði þar sem rýnt verður í það hvernig tölfræði getur nýst sem best á vefnum. Rétt not á talningartólunum getur algjörlega breytt því efni sem fer inn á vefinn. Með tólunum er hægt að sjá hvaða efni er skoðað og hvert notendur fara áður en notandi tekur ákvörðun um að kaupa vörur, lesa meira eða hvað það er sem vefurinn ætlast til af honum.

Ekki má gleyma að tölfræðin á bak við vefinn er öflugt tól í samvinnu við stjórnendur fyrirtækja því gott er að geta sýnt árangurinn svart á hvítu, hvað virkar eða virkar ekki á vefnum, og nýtt tölurnar til að gera vefinn betri, í stað þess að vinna í blindni og henda inn efni sem ekki á heima á vefnum, bara til að hafa yfirmanninn góðan.

Stolt yfir vefgeiranum

Markmiðið með námskeiðunum er að hjálpa vefstjórum, markaðsstjórum, kerfisstjórum, viðmótsforriturum, hönnuðum og öllum þeim sem koma að vefmálum í sínu daglega starfi og að efla íslenska vefgeirann enn meira. Að baki góðum vef liggur alltaf gott samstarf og þekking, smá metnaður og dass af gleði.

Við megum vera mjög stolt af hæfileikum Íslendinga í vefgeiranum en við þurfum að auka fjölda þeirra sem starfa í geiranum. Á hverju ári skapast fleiri störf og til verður enn meiri eftirspurn eftir góðum starfskröftum.



Ofboðslegt framboð

Hlédís Sveinsdóttir fjallar um hvenær og hvernig hún komst að þeirri niðurstöðu að hún skilur ekkert í pólitík

Í fullkomnu og í raun algjöru ofmati bauð ég fram pólitíska krafta mína síðasta vor. Ég hef nú alltaf þorað að vera til, mynda mér skoðanir og segja þær, auk þess sem ég var búin að ganga í gegnum eldhaf þroska og lærdóms á því hvað máli skiptir í lífinu misserin á undan. Átti lítin pening en var samt vel í holdum. Fannst sem sagt nokkuð góð hugmynd að bjóða Íslandi krafta mína.

Pólitískt gengi mitt var reyndar ágætt, segir mér fróðara fólk, og að í raun hafi árangur minn verið stórkostlegur miðað við að ég spilaði ekki eftir óskrifuðum, en þó vel þekktum, pólitískum leikreglum. Til dæmis hringdi ég hvorki í gamla bekkjar- og vinnufélaga né gamlar frænkur sem ég hef ekki gefið mér tíma til að rækta sambandið við í 15 ár. Fólki sem ég myndi alveg vilja heyra í, en ekki með þessum formerkjum. Því kom það ekki til greina. Ég „like-aði“ við öll framboð og flokka á Facebook og sýndi áhuga á starfi þeirra.

Það er jú fólk sem hefur áhuga á stjórnmálum, uppbyggingu samfélagsins eins og ég. Því þó að við séum ekki sammála um allt tel ég mig deila sameiginlegu áhugamáli með öllum þeim sem áhuga hafa á stjórnmálum.

Ég var að vísu lækkuð um eins og eitt sæti vegna kynfæra en það er þá ekki í fyrsta skipti sem þau hafa komið mér í vandræði.

Nóg um það! Af stað lagði ég með nesti og góðan vilja.

Margt var gaman og annað ekki. Eitt af því sem flokkast í „annað ekki“ eru pólitískir framboðsfundir. Nú vil ég ekki hljóma eins og berin séu súr af því að ég fékk þau ekki. En það er bara eitthvað við formið, það er alveg drep! – þá hef ég það líka á tilfinningunni að þeir skili litlu þegar uppi er staðið.

**„Preytan gerði
ekkert fyrir mig
andlega eða líkam-
lega en reið þó ekki
baggamuninn. Ég
held hreinlega að
ég hafi aldrei skilið
út á hvað svona
fundir ganga.“**

Ég sat þá nokkra ágæta, aðra vonda – og nú langar mig að taka það fram að mér finnst undir flestum kringumstæðum maður vera manns gaman – en versti fundurinn var sá síðasti (já, ég held svei mér þá að ég hafi farið versnandi eftir því sem á leið). Mér til varnar (eða ekki?) var ég algjörlega ósofin vegna veikinda dóttur þennan fund,

fund sem haldinn var í notalega panelklæddu félagsheimili og stóð milli kl. 21 og 01, það er ekki primetime fyrir ósofnað einstæðar mæður get ég sagt ykkur!

Preytan gerði ekkert fyrir mig andlega eða líkamlega en reið þó ekki baggamuninn. Ég held hreinlega að ég hafi aldrei skilið út á hvað svona fundir ganga. Þarna var verið að ræða samgöngur og fjarskipti. Nokkuð sem brennur mjög á illa net- og símatengdri Staðarsveitarsál. Ég þekki málaflokkinn ágætlega – ef ekki bara nokkuð vel – og hef jú skoðanir á þeim. Það vantaði ekki. En framboðin (og þau voru ellefu!) töluðu ýmist öll eins og umhverfisvæn Vinstri græn eða þá að „allir gætu fengið allt“, sem mér fannst lykta af hinu vel þekktu pólitíska fyrirbæri: lýðskrumi. Nú skal það tekið fram að ég er ekki að benda fingrum á fólk eða flokk – heldur

fyrirkomulagið. Þarna var ásamt mér um 200 manns víðs vegar að, margir komnir langa leið. Hvorki mér né öðrum tókst að nálgast fundinn út frá sögulegu samhengi fjarskipta á Vesturlandi, framtíðarsýn eða forgangsöröðun.

Ég var ekki undir þetta búin, jafnvel þótt ég myndi glöð vilja gera allt fyrir alla. Það vilja auðvitað allir betri fjar-skipti, bætтар samgöngur og betri heim. Væri ekki árangurs-ríkari leið fyrir svona samkomu til að mynda sér skoðun og fræðast að farið væri yfir sögu þess málefns sem er á dag-skrá? Stuðst væri við gögn og staðreyndir og reynsla annarra skoðuð? Þannig væri mannauði þeirra sem áhuga hafa á stjórnmálum betur varið og fundurinn gæti vonandi sam-mælst um forgangsatriði sama hvaða bókstaf það hakar við.

Kannski skorti mig (auk svefns) pólitískan þroska og þekkingu. Frambjóðandi annars flokks og fjölskylduvinur má eiga það að hann reyndi reglulega að henda til mín björgunarkútum þetta kvöld og fyrir það var ég þakklát (svo þakklát að ég hefði kosið hann hefði ég ekki sjálf verið í framboði). En allt kom fyrir ekki – í fjórar klukkustundir tafaði ég meira en leikinn Jón Bjarnason. Ég vissi ekki hvort ég væri að spyrja eða svara, byrja eða enda, hver væri náttúruverndarsinni og hver ekki og hver var það var aftur sem seldi dreifikerfið – því enginn kannaðist við það. Óþægi-legt – mjög óþægilegt. Í raun svo óþægilegt að héðan í frá langar mig að segja að Ísland sé flokkurinn minn og sam-vinna sé eina stefnumál mitt.

Niðurstaðan er líklega sú að ég skil ekki pólitík. En mínusi maður alvarleika málsins frá má líta á þau sem prýði-lega skemmtun og sum viðtöl jafnvel sem uppistand!



Sigurkarl Eiríksson,
aður til heimilis að
Stekkjartúni,
Akureyri.

EKKERT BARN

ÆTTI AÐ VERA

Í FLÓTTAMANNABÚÐUM

Sendu sms-ið [BARN](#) í númerið 1900 og gefðu 1.900 krónur

Viða um heim búa börn við ómurlegar aðstæður í flóttamannabúðum. Þau þurfa öryggi og skjól – rétt eins og öll börn.

Framlag þitt hjálpar UNICEF að veita flóttabörnum á átakasvæðum lífsmuðsynlega aðstoð.

Hjálpumst að við að gæta að velferð barna í neyð.

UNICEF ber engan kostnað af birtingu þessarar auglýsingar.